


**HEIMSRÁÐSTEFNA
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
UM UMHVERFI OG ÞRÓUN
RÍÓ DE JANEIRÓ
3.-14. JÚNÍ 1992**



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ
Desember 1992

Efnisyfirlit

Aðdragandi ráðstefnunnar	5
Undirbúningur ráðstefnunnar	7
Heimsráðstefnan í Ríó de Janeiro	11
Setningarathöfnin	12
Almennar umræður	13
Leiðtogafundurinn og hringborðsumræður	14
Global Forum	16
Niðurstaðan	17
Ríóyfirlýsingin	17
Yfirlýsing um verndun skóga	22
Dagskrá 21	23
Alþjóðlegur samningur um fjölbreytileika lífs	33
Alþjóðlegur samningur um loftslagsbreytingar	34
Viðaukar	
Ræða Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands	39
Ræða Eids Guðnasonar, umhverfisráðherra	43
Skýrsla umhverfisráðherra um þátttöku Íslands í 4. undirbúningsfundi fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. New York 2. mars - 3. apríl 1992	49
Ríóyfirlýsingin á ensku	59
Kynningarbæklingur umhverfisráðuneytisins um heimsráðstefnu Sameinuðuþjóðanna um umhverfi og þróun	65

Aðdragandi ráðstefnunnar

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti þann 22. desember 1989 að halda alþjóðlega ráðstefnu um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í júní 1992, þegar tuttugu ár væru liðin frá Stokkhólmsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins - fyrstu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál. Aðdragandi samþykktarinnar var sú mikla umræða sem farið hafði fram innan og utan stofnana Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál í kjölfar skýrslu Brundtlandsnefndarinnar svokölluðu. Skýrsla þessi, sem nefnd er „Sameiginleg framtíð okkar“ og kom út árið 1987, beindi sjónum manna að þeim vanda sem við veröldinni blasir í umhverfismálum og vakti umræðu um nauðsyn þess að láta verkin tala og hrinda í framkvæmd hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Ákvörðun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um að halda ráðstefnuna byggðist á viðurkenningu aðildarþjóðanna á því, að nauðsynlegt væri að grípa til viðtækra aðgerða með þátttöku allra þjóða til að sporna gegn þeim alvarlega umhverfisvanda sem við blasir: þynningu ósonlagsins, hættu á verulegum loftslagsbreytingum, eyðingu skóga og myndun eyðimarka, mengun lofts, láðs og lagar.

„Meginmarkmið heimsráðstefnunnar verður að koma á samvinnu milli þróunarlanda og iðnþjóða heimsins, samvinnu sem byggist á gagnkvæmri þörf og sameiginlegum áhuga á að tryggja framtíð jarðarinnar“ var haft eftir Maurice Strong, framkvæmdastjóra ráðstefnunnar.

Í umræðunni á allsherjarþinginu og lokaniðurstöðu þess var áhersla lögð á nokkur meginatriði, sem leggja skyldi til grundvallar samþykktum ráðstefnunnar.

Í fyrsta lagi að fátækt og fólksfjölgun sé ein af rótum umhverfisvandans, og því verði hann ekki leystur nema taka jafnframt á efnahagsvanda þróunarríkjanna. Finna verði leiðir til

að aðstoða þau fjárhagslega og gera þeim kleift að nýta sér tæknikunnáttu iðnþróðu ríkjanna.

Í öðru lagi að ein af rótum vandans sé misskipting gæða í heiminum, ofnýting auðlinda, lífshættir og neysluvenjur. Endurskoða verði framleiðslu- og lifnaðarhætti og leiða þjóðir heims inn á braut sjálfbærrar þróunar.

Í þriðja lagi að iðnþróðu ríkin beri mikla ábyrgð á þeim umhverfisvanda sem við er að glíma og þess vegna beri þeim að leggja meira af mörkum við lausn hans en þróunarríkjunum.

Í fjórða lagi að viðurkenna beri rétt þjóða til að ráða nýtingu auðlinda sinna svo fremi að það sé gert á sjálfbæran hátt og án þess að menga eða spilla umhverfi annarra þjóða.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti að heimsráðstefnan um umhverfi og þróun skyldi hafa þessi meginatriði að leiðarljósi og móta stefnu og setja fram tillögur að aðgerðum á grundvelli þeirra, sem miðuðu að því að stöðva og bæta þann umhverfis skaða sem orðinn væri að veruleika og leiða þjóðir heims inn á braut sjálfbærrar þróunar.

Tilgangurinn var einnig að setja umhverfismálin ofar á forgangslista stjórnámálmannanna, og auka samþættingu umhverfismála og efnahags- og þróunarmála. Með því að draga athygli heimsins að umhverfis- og þróunarmálum á ráðstefnunni er þess vænst að þjóðþing og þjóðarleiðtogar taki aukið tillit til umhverfismála í ákvörðunum sínum og efnahagsstjórn.

Undirbúningur ráðstefnunnar

Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um heimsráðstefnuna voru upp talin þau svið umhverfis- og þróunarmála, sem ráðstefnan skyldi fjalla sérstaklega um. Einnig ákvað allsherjarþingið að setja á laggirnar framkvæmdastjórn sem annaðist undirbúning ráðstefnunnar, og að stofna sérstaka undirbúningsnefnd á vegum hennar með þátttöku sem flestra þjóða, sem leggja skyldi drög að ályktunum og öðrum samþykktum fyrir ráðstefnuna. Auk þess voru stofnaðar nefndir, sem opnar voru öllum þjóðum heims, til að semja þrjá alþjóðasamninga. Einn skyldi vera um „loftslagsbreytingar“, annar um „verndun fjölbreytileika lífsins“ og sá þriðji um „verndun skóga“. Þessar nefndir allar voru ekki nefndir í venjulegum skilningi þess orðs, heldur viðamiklar, alþjóðlegar ráðstefnur með þátttöku misjafnlega fjölmennra sendinefnda frá flestum þjóðum heims.

Undirbúningsnefndin, sem starfaði á vegum framkvæmdastjórnarinnar og hafði það hlutverk að leggja drög að samþykktum ráðstefnunnar, hélt fjóra fundi. Sá fyrsti var í Nairóbi í Kenýa í ágúst 1990, næstu tveir í Genf í Sviss í mars og ágúst 1991, og hinn síðasti í New York í Bandaríkjunum í mars 1992. Meginverkefni nefndarinnar var að semja viðtæka framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem tæki til allra þátta umhverfis- og þróunarmála. Þá var það verkefni hennar að ganga frá yfirlýsingu um grundvallarreglur í umhverfismálum, sem gilda eiga fyrir allar þjóðir heims og kveða á um skyldur og réttindi þeirra gagnvart umhverfinu - nokkurs konar stjórnarskrá jarðarinnar í umhverfismálum.

Fulltrúar Íslands tóku virkan þátt í fundum undirbúningsnefndarinnar í Genf og í New York, en sökum fámennis gat sendinefnd Íslands ekki tekið þátt í öllum vinnunefndum sem stofnaðar voru um málefni ráðstefnunnar. Áhersla var lögð á þau

málefni sem tengjast atvinnu, umhverfi og þróun og hafa ekki aðeins þýðingu fyrir Ísland, heldur einnig í alþjóðlegu samhengi, en reynt var eftir föngum að fylgjast með þróun mála á öllum sviðum. Megináhersla var lögð á þætti sem varða hafið, mengun þess og nýtingu auðlinda sjávar, verndun andrúmslofts og grundvallarreglur ríkja í umhverfismálum. Í „Skýrslu umhverfisráðherra um þátttöku Íslands í 4. undirbúningsfundi fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. New York 2. mars - 3. ágúst 1992“, sem lögð var fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991-92, er gerð grein fyrir áherslum Íslands í undirbúningsferlinu, helstu tillögum sem fulltrúar landsins lögðu fram og afdrifum þeirra.

Sendinefnd Íslands á fundi undirbúningsnefndarinnar í New York í mars 1992 byggði tillögur sínar og málflutning að verulegu leyti á undirbúningi sem fram fór á vegum umhverfisráðuneytisins fyrir fundinn. Boðað var til fundar í janúar 1992 með fulltrúum þingflokka, ráðuneyta, stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfisverndarsamtaka, þar sem ráðstefnan var kynnt og drög lögð að samráði um stefnumótun af Íslands hálfu. Í framhaldi af því voru haldnir fjölmargir fundir með fulltrúum ofangreindra aðila þar sem farið var yfir vinnuskjöl undirbúningsnefndarinnar og tekin afstaða til þeirra.

Fulltrúar Íslands tóku einnig þátt í gerð alþjóðlegs samnings um loftlagsbreytingar, en því miður reyndist ekki unnt að taka þátt í gerð samninganna um verndun skóga og fjölbreytileika lífs. Til þess skorti bæði fólk og fé, en vinnan að gerð þessara tveggja samninga fór að miklu leyti fram í Nairóbí í Kenýu.

Framkvæmdastjórn heimsráðstefnunnar fór fram á að þjóðir heims, alþjóðastofnanir og alþjóðleg félagasamtök tækju saman ítarlegar skýrslur um ástand umhverfis- og þróunarmála í heimalöndum sínum og á alþjóða- og svæðisbundnum vettvangi, þar sem tíundaðar væru framkvæmdir og breytingar sem orðið hafa á þessu sviði síðustu tuttugu árin. Ósk þessi var sett fram í þeim tilgangi að afla gagna í viðamikla skýrslu um ástand og þróun umhverfismála í heiminum undanfarin tuttugu ár, sem gefa skyldi út fyrir heimsráðstefnuna samkvæmt ákvörðun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum 6. júní 1990 að fela umhverfisráðuneytinu að undirbúa þátttöku Íslands í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, og að láta semja skýrslu um umhverfi og þróun á Íslandi í samræmi við beiðni framkvæmdanefndarinnar. Skýrslan, sem var samin í nánu samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir sem að þessum málum starfa, kom út í maí 1992 og er fyrsta heildstæða yfirlitið um stöðu umhverfismála á Íslandi.

Skýrslan er þrískipt. Í fyrsta hluta hennar er fjallað um efnahags- og þjóðfélagsþróunina hér á landi með tilliti til auðlindabúskapar og umhverfisspjalla. Annar hluti lýsir ástandi umhverfisins á Íslandi og er þar byggt á niðurstöðum rannsókna og grein gerð fyrir mengun loftslags, láðs og lagar, ástandi dýralífs, gróðurs og jarðvegs. Loks er í þriðja hluta skýrslunnar fjallað um skipulag, löggjöf og framkvæmd umhverfismála á Íslandi og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfisverndar. Skýrslan kom út samtímis á ensku og íslensku og er til sölu í bókaverslunum. Henni var dreift til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í tengslum við ráðstefnuna.

Eins og fram hefur komið var formlegur undirbúningur fyrir ráðstefnuna í Ríó de Janeiró þrjúþættur: Í fyrsta lagi starf undirbúningsnefndarinnar, sem miðaði að því að leggja drög að ályktunum og öðrum samþykktum ráðstefnunnar, í öðru lagi starf þrjúþættar nefnda sem semja skyldu alþjóðlega samninga sem yrðu tilbúnir til undirritunar á ráðstefnunni, og í þriðja lagi gerð ítarlegrar skýrslu um ástand umhverfisins og þróun þeirra mála síðastliðin 20 ár, sem byggð er á skýrslum þjóða, alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka.

Undirbúningsstarfið gekk að mestu vel þótt við ýmsa erfiðleika væri að etja. Samningaviðræður voru erfiðar og tímafrekar, ekki síst vegna þess að áhersla var lögð á að ná samkomulagi allra þjóða án atkvæðagreiðslu um einstök atriði skjalanna. Þegar ráðstefnan hófst 3. júní 1992 hafði tekist að ganga frá eftirfarandi skjölum að mestu leyti, þótt nokkur ágreiningsmál hafi þá enn verið óleyst:

- (1) Rióyfirlýsingin, en hún hefur að geyma 27 grundvallarreglur sem allar þjóðir heims eiga að hafa að leiðarljósi í umhverfismálum.
- (2) Reglur um verndun og nýtingu skóga. Það skjal kom í stað alþjóðasamningsins um verndun skóga, sem ganga átti frá fyrir ráðstefnuna en tókst ekki.
- (3) Dagskrá 21. aldar (Agenda 21), sem er ítarleg framkvæmdaáætlun sem felur í sér aðgerðir á öllum sviðum umhverfis- og þróunarmála.
- (4) Alþjóðlegur samningur um loftslagsbreytingar.
- (5) Alþjóðlegur samningur um fjölbreytileika lífs.

Ráðstefnan í Ríó de Janeiró

3.- 14. júní 1992

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun fór síðan fram dagana 3.-14. júní 1992. Hana sóttu sendinefndir frá 178 þjóðum ásamt 116 þjóðhöfðingjum og ríkisoddvitum. Auk þeirra sóttu ráðstefnuna fulltrúar stofnana, verkefna og sjóða Sameinuðu þjóðanna, þjóðarráða, alþjóðaskrifstofa og áhugamannasamtaka. Skráðir fulltrúar á ráðstefnunni voru um 10.000 og talið er að um 20.000 fulltrúar óopinberra aðila hafi komið til ráðstefnunnar. Á sama tíma og ráðstefnan fór fram voru aðrir dagskrárliðir skipulagðir og bar þar hæst samkomu óháðra samtaka, „Global Forum“, en þangað komu um 450.000 manns. Yfir 8.000 blaða- og fréttamenn frá öllum heimshornum fylgdust með ráðstefnunni og öðrum atburðum tengdum henni.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, sótti ráðstefnuna og sat fund þjóðhöfðingja og ríkisoddvita dagana 12.-13. júní. Sendinefnd Íslands á ráðstefnunni, undir forystu Eiðs Guðnasonar umhverfissráðherra, var skipuð eftirtöldum fulltrúum auk hans:

Frá umhverfissráðuneyti:

Magnús Jóhannesson, aðstoðarmaður ráðherra
Dr. Jón Gunnar Ottósson, náttúrufræðingur
Dr. Gunnar G. Schram, prófessor

Frá utanríkisráðuneyti:

Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur,
varaformaður sendinefndarinnar
Tómas Á. Tómasson, sendiherra
Tom Mario Ringseth, vararæðismaður Íslands í
Ríó de Janeiró

Frá skrifstofu forseta Íslands:

Sveinn Björnsson, sendiherra

Frá Alþingi og þingflokkum:

Árni M. Matthiesen, alþingismaður
Kristín Einarsdóttir, alþingismaður
Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður

Meðan á ráðstefnunni stóð var forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, viðstödd ásamt Boutros Boutros-Ghali, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, þegar forseti Brasilíu, Collor de Mello, opnaði skóla fyrir munaðarlaus börn við hátíðlega athöfn. Forseti Íslands tók einnig þátt í siglingu með vikingaskipinu Gaia ásamt hópi barna frá ýmsum þjóðlöndum, en Vigdís Finnbogadóttir var guðmóðir skipsins, sem sigldi undir fánum Sameinuðu þjóðanna, Íslands og Noregs. Vera forseta Íslands á ráðstefnunni vakti mikla athygli og kom forsetinn oft fram í fjölmiðlum í Brasilíu, sjónvarpi og blöðum.

Forseti Íslands og umhverfisráðherra áttu fundi með forsetum Eystrasaltsríkjanna: Eistlands, Lettlands og Litháens og með forseta og utanríkisráðherra Armeníu meðan á ráðstefnunni stóð. Eiður Guðnason umhverfisráðherra ræddi einnig við umhverfis- og menntamálaráðherra Brasilíu, José Goldemberg og fundaði með dr. Klaus Töpfer, umhverfisráðherra Þýskalands. Auk þess áttu umhverfisráðherrar Íslands og Portúgals fund þar sem rætt var um aukna samvinnu ríkja EFTA og EB um umhverfismál. Í framhaldi af því var haldinn sameiginlegur fundur embættismanna frá ríkjum EB og EFTA undir stjórn Íslands þar sem fjallað var um helstu ágreiningsmál ráðstefnunnar og sjónarmið samræmd.

Alþjóðasamningarnir tveir um loftslagsbreytingar og um fjölbreytileika lífs, sem tókst að ljúka fyrir ráðstefnuna, voru ekki á dagskrá ráðstefnunnar sjálfar að öðru leyti en því, að þeir voru lagðir fram til undirritunar. Þeir voru þó óaðskiljanlegur hluti af undirbúningsferlinu og ráðstefnunni sjálfri, enda var mikið kapp lagt á að ljúka gerð þeirra og styrkja þannig niðurstöður ráðstefnunnar með víðtækri samstöðu um þá báða. Eiður Guðnason umhverfisráðherra undirritaði báða samningana fyrir Íslands hönd á ráðstefnunni og var Ísland eitt af fyrstu ríkjunum til að undirrita samninginn um loftslagsbreytingar.

Setningarathöfnin

Ráðstefnan var sett miðvikudaginn 3. júní við hátíðlega athöfn. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Ghali, flutti áhrifamikla setningarræðu þar sem hann gagnrýndi m. a. lífshætti og neysluvenjur iðnþjóðanna og hvatti þátttakendur til að móta nýja stefnu í umhverfis- og þróunarmálum. Hann skoraði á þátttakendur að leggja sig fram um að skila árangri sjálfra sín vegna, fyrir aðra, komandi kynslóðir - og fyrir jörðina alla. Eftir að aðalritarinn hafði lokið ræðu sinni var Collor de Mello, forseti Brasilíu, kjörinn ráðstefnustjóri. Forsetinn ávarpaði ráðstefnugesti og bauð þá velkomna til Brasilíu. Að því búnu ávörpuðu eftirtaldir

ræðumenn ráðstefnuna: Maurice Strong, framkvæmdastjóri ráðstefnunnar, hans hátign Karl XVI Gústaf, konungur Svíþjóðar, Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, og Mario Soares, forseti Portúgals.

Almennar umræður

Eftir setningarathöfnina hófust almennar umræður sem stóðu yfir í sjö daga. Samhliða fóru fram samningaviðræður í vinnunefndum ráðstefnunnar um óleyst ágreiningsmál. Íslensku fulltrúarnir tóku virkan þátt í þeim viðræðum, sem lauk ekki fyrr en á síðasta degi ráðstefnunnar.

Flestar ræðurnar í almennu umræðunum voru fluttar af umhverfisráðherrum hinna ýmsu ríkja, forsvarsmönnum alþjóðastofnana og forystumönnum alþjóðlegra samtaka. Eiður Guðnason umhverfisráðherra Íslands ávarpaði ráðstefnuna á Alþjóða umhverfisdeginum 5. júní, og fylgir ræða hans í heild í viðauka með skýrslunni.

Í ræðum fulltrúa frá vestrænum ríkjum var áberandi hversu mikil áhersla var lögð á að neysluvenjur þeirra sjálfra og framleiðslukerfi væru miklir áhrifavaldar í umhverfisvanda heimsins. Erindin í almennu umræðunni báru merki um vilja landanna til að koma á samvinnu ríkja um að leysa þann vanda sem að steðjaði, og vestrænu ríkin gáfu fyrirheit um fjármagn frá vel stæðum ríkjum til þróunarlanda. Annars áttu erindi vestrænu landanna það sammerkt að í þeim var gerð grein fyrir afstöðu til einstakra ágreiningsefna sem fyrir ráðstefnunni lágu.

Í erindum Norðurlandþjóðanna voru sjónarmið skýr. Norðmenn lögðu áherslu á að bilið milli ríkra og fátækra, bæði milli landa og innan hvers lands, væri ein af meginrótum vandans og að framlög til þróunaraðstoðar yrðu að hækka. Jafnframt yrði að tryggja að þau framlög sem ætluð væru til að leysa sameiginlegan umhverfisvanda heimsins kæmu sem viðbót við hefðbundna þróunaraðstoð. Finnar bentu á að nauðsynlegt væri að ná þróunaraðstoðinni upp í 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu fyrir árið 2000. Svíar lögðu áherslu á þörf fyrir gagnvera breytingu á lífsháttum og neysluvenjum, og lögðu til niðurskurð á hernaðarframkvæmdum. Danir lofuðu raunhæfum stuðningi við öll mikilvægustu fjármögnunaráform sem voru á dagskrá ráðstefnunnar, og Íslendingar lögðu mesta áherslu á verndun hafsins og auðlinda þess.

Erindi fulltrúa Bandaríkjanna einskorðaðist við fá og sérhæfð atriði. Mest áhersla var lögð á ósk um sáttmála um skynsamlega

Þjóðanna og forseti ráðstefnunnar, Collor de Mellor, héldu þar stutt erindi samkvæmt fyrir fram ákveðinni dagskrá.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Ghali, sagði frá því að stjórnsýsluleg samhæfingarnefnd Sameinuðu þjóðanna (ACC) hefði skipað sérstakan hóp sem bæri ábyrgð á að samþykktum heimsráðstefnunnar yrði fylgt eftir.

Aðalritari heimsráðstefnunnar, Maurice Strong, lagði áherslu á hina miklu ábyrgð sem æðstu menn ríkja og ríkisstjórna bæru á framtíð jarðarinnar. Sjálfur væri hann sannfærður um að ríkjandi stefnu yrði að breyta. Mikið hafi náðst fram á ráðstefnunni, en nú skipti máli að láta verkin tala. Ef það yrði ekki gert yrðu örlög mannkyns ráðin þegar á næstu öld.

Masire, forseti Botswana, mælti fyrir hönd fjögurra afrískra hópa. Hann lagði áherslu á að í Afríku væru margar af verðmætustu náttúruauðlindum veraldarinnar, en þrátt fyrir það ætti álfan við gífurleg umhverfisvandamál að stríða, svo sem eyðingu skóga og myndun eyðimarka. Nauðsynlegt væri fyrir ríki Afríku að fá skuldir felldar niður og breytingar á kjörum í heimsviðskiptum. Auk þess væri mikilvægt að ná samkomulagi um eyðimerkursáttmála.

Sharif, forsætisráðherra Pakistans, mælti fyrir hönd Asíuþjóða. Hann taldi að niðurstöður Ríóráðstefnunnar yrðu stórt skref í átt til bættra möguleika á heillavænlegri þróun í heiminum. Mikilvægasta verkefnið sem við blasti og jafnframt það umfangsmesta væri að útrýma fátækt.

Zhelev, forseti Búlgaríu, mælti fyrir munn Austur-Evrópulanda. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að ríki Mið- og Austur-Evrópu fengju sinn skerf af þeim framlögum sem veitt verða til vanþróaðra ríkja. Fáí þessi ríki nægjanlega aðstoð þá líði ekki á löngu þar til þau geti farið að leggja fram sinn skerf til lausnar umhverfisvanda heimsins.

Salinas de Gortari, forseti Mexíkó, mælti fyrir hönd ríkja Rómönsku Ameríku. Hann lagði áherslu á að Ríóráðstefnan hefði orðið til að auka á ný samvinnu milli ríkja Rómönsku Ameríku og ríkja við Karíbahaf. Mikilvægt væri fyrir þróunarlöndin að fá betri kjör í alþjóðaviðskiptum. Umhverfissjónarmið mættu ekki leiða til nýrrar verndarstefnu í iðnþróuðum ríkjum. Ríki Rómönsku Ameríku og við Karíbahaf tækju þau verkefni alvarlegar sem framundan eru og tíunduð eru í framkvæmdaáætluninni, *Dagskrá 21*.

Vranitzky, kanslari Austurríkis, var fulltrúi vestrænna ríkja í umræðunni, en talaði þó ekki í nafni þeirra. Á samningafundum hafði ekki náðst sátt um einn talsmann fyrir vestræn ríki. Vranitzky lagði áherslu á að heimsráðstefnan hefði vakið miklar væntingar og

nýtingu skóga. Afstaða Bandaríkjanna, sem tók mið af þröngum þjóðarhagsmunum, olli vonbrigðum. Eftir því var tekið að Bretar voru mjög fúsir til samvinnu á ráðstefnunni, en áður höfðu menn efast nokkuð um afstöðu þeirra. Í erindi Breta voru þjóðir heims hvattar til að fylgja málum fast eftir að ráðstefnunni lokinni. Í erindi Portúgala fyrir hönd Evrópubandalagsins var m.a. rætt um nýja heimsstefnu sem miðaði að jöfnuði.

Ræður sem fluttar voru af fulltrúum þróunarríkjanna lýstu yfirleitt mjög jákvæðri afstöðu til þeirra tillagna sem fyrir ráðstefnunni lágu. Sérstaklega var tekið eftir ræðu fulltrúa Pakistans, sem fór með formennsku G-77 ríkjanna þegar ráðstefnan fór fram, en í henni kom fram ánægja með þann árangur sem náðst hafði á undirbúningsfundunum fyrir ráðstefnuna. Þróunarríkin lögðu flest mikla áherslu á sameiginlegar kröfur, sem fram voru bornar með nokkrum þunga, og lutu flestar að aukinni aðstoð iðnþróuðu ríkjanna við þróunarlönd með tilflutningi fjármagns og tækniástoð. Rætt var um að þær fjárhags-skuldbindingar sem iðnþróuðu ríkin væru tilbúin til að taka á sig væru prófsteinn á vilja þeirra til að stuðla að lausn umhverfis- og þróunarvanda heimsins.

Nokkrir ræðumenn frá þróunarríkjum gagnrýndu Vesturlönd og ásökuðu þau m.a. um að notfæra sér reglurnar um skynsamlega nýtingu skóga til að banna þróunarlöndunum að nýta eigin auðlindir á sama tíma og iðnaðarlöndin færu sínu fram að eigin geðþótta.

Uppbyggileg erindi ýmissa forsvarsmanna stofnana Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana voru eftirtektarverð. Forseti Alþjóðabankans upplýsti m.a. um margvísleg áform til að styrkja umhverfisstefnu bankans.

Leiðtogafundurinn og hringborðsumræður

Dagana 11. og 12. júní var haldinn sérstakur leiðtogafundur þar sem þjóðhöfðingjar og þjóðarleiðtogar fluttu ræður. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, ávarpaði fundinn þann 12. júní og hlaut ræða hennar góðar undirtektir. Ræðan er birt í heild í viðauka með þessari skýrslu.

Hringborðsumræður æðstu manna ríkja og ríkisstjórna fóru fram 13. júní og tóku um 100 manns þátt í þeim. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, og Eiður Guðnason, umhverfisráðherra, sátu fund þennan fyrir hönd Íslands. Boutros Boutros-Ghali, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Maurice Strong, framkvæmdastjóri heimsráðstefnunnar, fulltrúar hinna fimm svæðishópa Sameinuðu

að framtíðin gerði miklar kröfur til forystumanna þjóða. Hann áleit að iðnþróuðu ríkin gætu ekki haldið áfram á braut gnægtasamfélagsins. Jafnari skipting auðlinda jarðarinnar væri nauðsynleg og brýnt að taka á þeim vanda sem fólksfjölgun er á vissum svæðum jarðar. Ætti árangur að nást í samræmi við sett markmið á ráðstefnunni þá yrðu allir að taka á sig ábyrgð og það væri ljóst að iðnþróuðu ríkin yrðu að taka á sig mestu byrðarnar. Vranitzky lagði til að umræður æðstu manna færu fram aftur áður en langur tími liði. Austurríki væri reiðubúið til að halda slíkan framhaldsfund.

Forseti ráðstefnunnar, Collor de Mellor Brasilúforseti, lagði áherslu á að fundurinn væri sögulegur. Þátttakendur bæru einnig sögulega ábyrgð og það væri skylda að leysa vandamál fátæktar og hungurs. Yrði það ekki gert yrði ekki heldur mögulegt að skapa forsendur fyrir varanlegum friði. Ráðstefnan hefði sýnt að vilji væri fyrir hendi til að taka á þessum vandamálum.

„Global Forum“

Áhugasamtök um umhverfisvernd héldu viðamikla samkomu á meðan á ráðstefnunni stóð, „Global Forum“, í Flamengó-garðinum í Ríó de Janeiró. Þar höfðu verið reist 35 stór tjöld þar sem fjölmörg samtök voru með eigin dagskrá, fyrirlestra og umræður, en auk þess voru þar 675 smærri upplýsinga- og sölubásar. Sjálfboðaliðasamtökin litu fremur á samkomuna sem markaðstorg en pólitískan vettvang.

Samkvæmt upplýsingum skipuleggjendanna voru u.þ.b. 10.000 fulltrúar frá áhugasamtökum skráðir á „Global Forum“, en reiknað er með að þátttakendur hafi verið um 20.000. Að minnsta kosti einn íslenskur fulltrúi fór gagnert til Ríó de Janeiró á vegum áhugasamtaka til að taka þátt í „Global Forum“. Gert er ráð fyrir að um 450.000 manns hafi heimsótt samkomuna, þar á meðal fulltrúar sendinefndar Íslands á ráðstefnunni. Eiður Guðnason, umhverfisráðherra, heimsótti ráðstefnuna þar sem hann flutti ávarp og sat fyrir svörum ásamt ráðherrum frá öðrum Norðurlöndum.

Þess má geta að John Major, forsætisráðherra Bretlands, bauð áhugasamtökunum að halda fund í Bretlandi árið 1993 til að halda starfinu frá Ríó de Janeiró áfram.

NIÐURSTAÐA

Hinn sýnilegi árangur heimsráðstefnunnar felst einkum í tveimur samningum, sem undirritaðir voru af yfir 150 ríkjum, um loftslagsbreytingar og um fjölbreytileika lífs á jörðinni, svo og þremur yfirlýsingum: Ríóyfirlýsingunni, framkvæmdaáætluninni *Dagskrá 21* og yfirlýsingu um verndun skóga. Samningarnir tveir eru lagalega skuldbindandi fyrir þær þjóðir sem undirrituðu þá og fullgilda, en yfirlýsingarnar þrjár eru hins vegar ekki lagalega skuldbindandi, en fela engu að síður í sér pólitískar og siðferðilegar skuldbindingar fyrir allar þáttökubjóðirnar.

Yfirlýsingarnar þrjár eru þau skjöl sem heimsráðstefnan í Ríó de Janeiro fjallaði um og afgreiddi og sendi allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til umfjöllunar á haustþingi. Samningarnir tveir bíða þess nú að nægjanlegur fjöldi ríkja fullgildi þá til þess að þeir öðlist gildi.

Ríóyfirlýsingin

Ríóyfirlýsingin, sem hér er birt í heild, er stutt en kjarnyrt skjal. Í henni eru 27 meginreglur sem þjóðum heims ber að hafa í heiðri í umhverfis- og þróunarmálum.

Í Ríóyfirlýsingunni er því slegið föstu að allir eigi rétt á heilbrigðu lífi í sátt við náttúruna og að öll ríki eigi rétt á að nýta eigin náttúruauðlindir, en þó háð því skilyrði að það valdi ekki umhverfisskaða í öðrum löndum. Hagþróun verður að taka tillit til umhverfisverndar, að öðrum kosti verður framtíð afkomenda okkar stefnt í voða. Það er undirstrikað að ríki heims beri sameiginlega og hvert fyrir sig ábyrgð á því að vernda umhverfið og að þau verði að minnka og hætta framleiðslu- og neysluháttum sem ekki samrýmast sjálfbærri þróun. Á hinn bóginn staðfesti yfirlýsingin rétt allra ríkja til hag- og félagslegrar þróunar. Í yfirlýsingunni er

að finna nokkrar grundvallarreglur, svo sem greiðsluskyldu mengunarvalds, varúðarregluna og umhverfismat. Einstaklingar skulu eiga greiðan aðgang að opinberum upplýsingum um umhverfið og möguleika á að taka þátt í ákvörðunarferlinu. Lögð er áhersla á þátt kvenna, barna og frumbyggja í að ná fram til sjálfbærrar þróunar.

Þess var vænst að samstaða næðist um markvissara og sterkara skjal, sem yrði nokkurs konar „sáttmáli jarðar“, en um það varð ekki samkomulag, hvorki í undirbúningsferlinu né á sjálfri ráðstefnunni. Framkvæmdastjóri ráðstefnunnar, Maurice Strong, og aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Gali, hafa lagt áherslu á að unnið verði að gerð slíks sáttmála fyrir 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna árið 1995.

YFIRLÝSING RÁÐSTEFNU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
UM UMHVERFI OG ÞRÓUN
Í RÍÓ DE JANEIRÓ
(RÍÓYFIRLÝSINGIN UM UMHVERFI OG ÞRÓUN)

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun,
í Ríó de Janeiró dagana 3. til 14. júní 1992,

ítrekar yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi
mankinds, sem samþykkt var í Stokkhólmi hinn 16. júní
1972, og hyggst byggja á henni,

með það að markmiði að koma á nýju alheimssamstarfi á
jafnræðisgrundvelli með því að stofna til nýrrar og viðtækari
samvinnu meðal ríkja, mikilvægra atvinnugreina
samfélagsins og fólks almennt,

að vinna að gerð alþjóðlegra samninga þar sem hagsmunir allra
eru virtir og hlúð að heildstæðu umhverfis- og þróunarkerfi
fyrir heiminn allan,

með þeim skilningi að heimili okkar, jörðin, er samofin heild
þar sem allir þættir eru innbyrðis háðir,

lýsir því yfir eftirfarandi grundvallarreglum:

Regla 1

Sú viðleitni að koma á sjálfbærri þróun varðar sjálft
mankindið. Því ber réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í
sátt við náttúruna.

Regla 2

Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og grund-
vallarreglum alþjóðalaga hafa ríki fullveldisrétt til að nýta
auðlindir sínar í samræmi við eigin þróunar- og umhverfisstefnu og

þeim ber skylda til að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða á vegum þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu þeirra.

Regla 3

Réttinn til þróunar ber að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða.

Regla 4

Til þess að af sjálfbærri þróun geti orðið verður umhverfisvernd að vera óaðskiljanlegur liður í þróunarferlinu og því er ekki hægt að slíta hana úr samhengi við það.

Regla 5

Ófrávíkjanleg forsenda sjálfbærrar þróunar er að öll ríki og allt mannkynið vinni saman að því brýna verkefni að uppræta fátækt í því skyni að draga úr þeim mun sem er á lífskjörum fólks og mæta betur þörfum meirihluta fólksins í heiminum.

Regla 6

Sérstakar aðstæður og þarfir þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin og þar sem umhverfið er viðkvæmt, skulu njóta forgangs. Alþjóðlegar aðgerðir á sviði umhverfis- og þróunarmála skulu einnig taka mið af hagsmunum og þörfum allra landa.

Regla 7

Ríki skulu vinna sameiginlega að því að vernda, varðveita, og endurheimta heilbrigði og heildstæði vistkerfis jarðar í anda alþjóðlegrar samheldni. Í ljósi þess að ríki eiga mismikinn þátt í hnignun umhverfisins á jörðinni hafa þau öll sameiginlegum en mismunandi skyldum að gegna. Iðnríkin gangast við þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir í þeirri alþjóðlegu viðleitni að koma á sjálfbærri þróun, í ljósi þess álags sem þjóðfélög þeirra valda á umhverfi heimsins og þeirrar tækni og fjármagns sem þau hafa yfir að ráða.

Regla 8

Í því skyni að koma á sjálfbærri þróun og auka lífsgæði allra, skulu ríki draga úr eða leggja af ósjálfbær framleiðslu- og neyslufurli og móta viðeigandi stefnu í málum er varða fólksfjölgun og búsetu.

Regla 9

Ríki skulu vinna saman að því að efla getu einstakra ríkja til að koma á og viðhalda sjálfbærri þróun með því að efla vísindalegan skilning með þeim hætti að skiptast á vísinda- og tækniþekkingu og stuðla að tækniþróun, aðlögun að nýrri tækni og tækniástoð, þ. á m. á sviði nýrrar og skapandi tækni.

Regla 10

Best verður tekist á við umhverfismál með þáttöku allra þegna

sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þ. á m. upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þ. á m. að réttarúrræðum.

Regla 11

Ríki skulu koma á virkri umhverfislöggjöf. Umhverfisstaðlar, stjórnunarmarkmið og forgangsröðun skulu taka mið af því umhverfis- og þróunarsamhengi sem við á hverju sinni. Staðlar, sem settir eru í sumum löndum, kunna að vera óviðeigandi og hafa í för með sér óréttmætan kostnað eða félagslega röskun í öðrum löndum, einkum í þróunarlöndum.

Regla 12

Ríki skulu í sameiningu stuðla að uppbyggjandi og opnu, alþjóðlegu hagkerfi er leiði til hagvaxtar og sjálfbærrar þróunar í öllum löndum svo auðveldara verði að takast á við umhverfisvandann. Mörkun viðskiptastefnu með tilliti til umhverfismála skal ekki fela í sér mismunun, hvorki eftir geðþótta né á óréttmætan hátt, eða dulbúnar takmarkanir á alþjóðaviðskipti. Forðast ber einhliða aðgerðir til að takast á við umhverfisvanda utan lögsögu innflutningsríkja. Aðgerðir þar sem tekist er á við umhverfisvanda, sem teygir sig út yfir landamæri, eða alheimsumhverfisvanda, skulu, eftir því sem mögulegt er, byggjast á alþjóðlegu samkomulagi.

Regla 13

Ríki skulu setja sér lög um skaðabótaábyrgð og bótagreiðslur til þeirra sem verða fyrir skaða af völdum mengunar og annarra umhverfisspjalla. Ríki skulu einnig vinna saman með skjótvirkum og ákveðnari hætti en nú er að frekari þróun alþjóðalaga um skaðabótaábyrgð og bætur vegna umhverfisspjalla, sem starfsemi innan lögsögu eða yfirráðasvæða þeirra veldur á svæðum utan lögsögu þeirra.

Regla 14

Ríki skulu í sameiningu vinna gegn eða koma í veg fyrir flutninga til annarra ríkja á efnum og starfsemi sem valda alvarlegu umhverfistjóni eða teljast skaðleg heilsu manna.

Regla 15

Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum

aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Regla 16

Yfirvöld í einstökum ríkjum skulu stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að hagrænum stjórntækjum sé beitt með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að mengunarvaldur skuli bera kostnað af menguninni, með tilhlýðilegu tilliti til almenningshagsmuna og án þess að raska alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum.

Regla 17

Ríki skulu láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið og háð er úrskurði viðkomandi stjórnvalds.

Regla 18

Sérhvert ríki skal tafarlaust tilkynna öðrum ríkjum um hvers kyns náttúruhamfarir eða önnur neyðartilfelli sem líkleg eru til að valda skyndilegum og skaðlegum áhrifum á umhverfi viðkomandi ríkja. Samfélag þjóðanna skal gera allt sem í þess valdi stendur til að aðstoða ríki sem fyrir slíku verða.

Regla 19

Sérhvert ríki skal með góðum fyrirvara tilkynna öðrum ríkjum, sem fyrir áhrifum kunna að verða, um starfsemi er kann að hafa veruleg skaðleg umhverfisáhrif út fyrir landamæri þess, veita slíkum ríkjum nauðsynlegar upplýsingar og hafa samráð við þau tímanlega og í góðri trú.

Regla 20

Konur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd umhverfis- og þróunarmála. Full þátttaka þeirra er því nauðsynleg til að koma á sjálfbærri þróun.

Regla 21

Hugvit, hugsjónir og hugrekki æsku þessa heims skal virkja í því skyni að móta alheimssamstarf til að koma á sjálfbærri þróun og tryggja öllum betri framtíð.

Regla 22

Frumbyggjar og samfélög þeirra, svo og önnur smærri samfélög, hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd umhverfis- og þróunarmála vegna þekkingar þeirra og hefða. Ríki ættu að viðurkenna og styðja með tilhlýðilegum hætti við sjálfsmynd þeirra, menningu og hagsmuni og gera þeim kleift að taka virkan þátt í því að koma á sjálfbærri þróun.

Regla 23

Umhverfi og náttúruauðlindir fólks sem býr við kúgun, yfirdrötnun og hersetu skulu vernduð.

Regla 24

Stríðsrekstur er í eðli sínu fjandsamlegur sjálfbærri þróun. Ríki

skulu því virða alþjóðalög sem miða að því að vernda umhverfið á stríðstímum og vinna saman að því að þróa áfram slík lög eftir því sem þörf krefur.

Regla 25

Friður, þróun og umhverfisvernd eru hvert öðru háð og óaðskiljanleg.

Regla 26

Ríki skulu leysa allan ágreining um umhverfismál sín í milli með friðsamlegum hætti og beita í því skyni viðeigandi ráðum í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Regla 27

Ríki og fólk skulu vinna saman í góðri trú og í anda samstarfs til að uppfylla þær grundvallarreglur sem settar eru fram í þessari yfirlýsingu og við frekari þróun alþjóðalaga á sviði sjálfbærrar þróunar.

Yfirlýsing um skóga

Í yfirlýsingu um skóga jarðarinnar er mælt með því að löndin meti áhrif efnahagsþróunar á skóga sína og geri ráðstafanir til þess að draga úr skaðlegum áhrifum hennar á skóglendi jarðar. Þar eru settar fram nokkrar grundvallarreglur sem undirstrika að skógarnir hafa miklu hlutverki að gegna í verndun umhverfisins. Viðurkenndur er réttur ríkja til að nýta skóga, en þó með þeim fyrirvara að nýtingin fari fram á sjálfbæran hátt og leiði ekki til umhverfisskaða í öðrum löndum.

Mikill ágreiningur hefur verið á milli þróunarríkjanna annars vegar og iðnríkjanna hins vegar um þessi mál. Þróunarríkin hafa krafist þess að fá að nýta skógana án afskipta annarra á sama hátt og iðnríkin hafa haft rétt til sinna auðlinda. Jafnframt óskuðu þróunarlöndin eftir að fá frjálsan aðgang að markaði fyrir skógarafurðir án þess að mat væri lagt á umhverfisáhrif framleiðslunnar.

Yfirlýsingin er ekki lagalega bindandi, en er skref í átt að samkomulagi um alþjóðasamning. Það urðu mörgum vonbrigði, þar á meðal fulltrúum flestra vestrænna ríkja, að ekki tókst samkomulag um alþjóðasamning um verndun skóga en að því hafði verið unnið fyrir ráðstefnuna. Segja má að hvergi hafi ágreiningurinn á milli „norðurs“ og „suðurs“ komið eins greinilega fram og í samningaviðræðunum um verndun skóga. Þessar reglur eru þó mjög mikilvægar, ekki síst vegna þeirrar hættu sem við blasir á eyðingu regnskóga og loftslagsbreytingum í kjölfar hennar.

Framkvæmdaáætlunin *Dagskrá 21*

Hér er um að ræða ítarlega framkvæmdaáætlun sem tekur til allra þátta umhverfis- og þróunarmála. Áætlunin skiptist í 40 kafla og er skjalið um 500 blaðsíður. Þessari áætlun er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ríki heims fram á næstu öld. Hún er nokkurs konar handbók um alþjóðasamvinnu og aðgerðir ríkja sem miða að sjálfbærri þróun. Pólitísk samstaða 178 þjóða náðist um skjalið, sem er töluvert afrek í ljósi þess að áætlunin nær í raun til flestra þátta þjóðfélagsins.

Mikilvægi samvinnu gengur eins og rauður þráður í gegnum áætlunina og ítrekað er í texta að ekkert eitt ríki sé fært um að leysa þau vandamál sem við jörðinni blasa. Áhersla er lögð á að umhverfismál verði að skoða í ljósi hagvaxtar og félagslegra áhrifa. Mikil áhersla er lögð á þörf þróunarlandanna fyrir fjárhagslega og tæknilega aðstoð á ýmsum sviðum. Enn fremur er reynt að leggja kostnaðarmát á þær úrbætur sem skilgreindar eru í hverjum kafla áætlunarinnar.

Áætlunin fjallar um allt frá aðgerðum á einstökum sviðum umhverfismála, t.d. varnir gegn mengun hafsins, förgun úrgangs og vatnsvernd, til þess að uppræta fátækt, breyta neysluvenjum og efla mannréttindi. Mannfjölgun og fátækt eiga stóran þátt í vaxandi umhverfisvanda jarðarbúa og ítrekað er að á báðum þessum vandamálum verði að taka.

Þótt niðurstaða hafi ekki fengist um raunhæfar aðgerðir til að draga úr fólksfjölgun var ákveðið að halda sérstaka, alþjóðlega ráðstefnu um mannfjölgun og þróun á árinu 1994.

Viðurkennt er í áætluninni að auk vaxandi mengunar sé soun náttúruauðlinda eitt helsta vandamál jarðarbúa. Þess vegna sé nauðsynlegt að endurskoða framleiðsluáferðir, neysluvenjur og lifnaðarhætti. Ríkjum beri að efla endurvinnslu, hætta að nota ónauðsynlegar umbúðir og hvetja til framleiðslu á umhverfisvænum vörum. Ríki eru hvött til að taka upp verðlags- og skattastefnu sem miðar að þessu marki. Einnig verður að stórauka upplýsingar og fræðslu til almennings, þannig að allir viti um áhættuna sem fylgir því að nota efni skaðleg umhverfinu.

Í orkumálum er lögð áhersla á að ríki stuðli að aukinni notkun á orku frá endurnýjanlegum og ómengandi orkugjöfum, svo sem vatnsorku, jarðvarma, sólar- og vindorku, í stað kjarnorku og jarðefnaorku. Leggja ber áherslu á að skipuleggja orku- og iðnaðarmál svæðisbundið með það fyrir augum að draga úr mengun. Þessi ákvæði og önnur skyld mættu mikilli andstöðu olúrfkjanna, og gerðu sum þeirra fyrirvara við samþykkt viðkomandi kafla áætlunarinnar vegna þess.

Í áætluninni eru mikilvæg stefnumið sett varðandi varnir gegn mengun hafsins og nýtingu auðlinda sjávar. Viðurkennt er að hafið sé mikilvægt fæðuforðabúr mannkyns og að sjálfbær nýting allra auðlinda hafsins sé grundvallaratriði fyrir fæðuöflun mannkyns.

Kveðið er á um samvinnu ríkja varðandi rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra. Viðurkennd er starfsemi stofnana, svæðisbundinna og alþjóðlegra, sem vinna á þessum vettvangi, vísað er til ákvæða Hafréttarsáttmálans í því sambandi. Sömu leiðis er sú meginregla sett að nýta beri sjávarspendýr á sama hátt og aðrar lífverur sjávar, en að þau ríki sem ekki vildu nýta þau væru frjáls að því að gera það ekki.

Ríki eru hvött til þess að draga úr notkun eitrefna og hættulegra efna og tryggja viðunandi förgun slíkra efna og að ríkisstjórnir banni flutning slíkra efna til landa sem ekki hafa tæknilegar forsendur til að koma í veg fyrir umhverfisaskaða af þeirra völdum.

Síðast en ekki síst er lögð mikil áhersla á að iðnríkin auki verulega þróunar- og tækniástoð við þróunarríkin og að Alþjóða-bankinn og aðrar alþjóðlegar þróunarstofnanir hafi umhverfisvernd og sjónarmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi við lán- og styrkveitingar til þróunarríkja.

Í áætluninni er talið nauðsynlegt, ef nokkur von á að verða til þess að ná viðunandi árangri, að iðnríkin leggi fram í það minnsta 7.500 milljarða íslenskra króna á ári næstu 10 ár. Þetta mun þýða að iðnríkin þurfa að rúmlega tvöfalda þróunaraðstoð frá því sem verið hefur síðustu ár eða úr tæplega 0,35% af þjóðarframleiðslu í 0,7%.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í fjóra megin hluta og 40 kafla með inngangi:

- I. Efnahags- og félagslegir þættir
- II. Umhverfis- og auðlindastjórnun
- III. Hlutverk óopinberra hópa í sjálfbærri þróun
- IV. Forsendur fyrir framkvæmd áætlunarinnar

1. kafli er inngangur að sjálfri framkvæmdaáætluninni og efnislegrum umfjöllun hennar. Þar er bent á að mannkynið standi nú á tímamótum. Það standi nú frammi fyrir aukinni fátækt, auknu hungri, heilsuleysi og ólæsi, auk þess sem ástandi umhverfisins heldur áfram að hraka. Með samþættingu umhverfis- og þróunarmála og aukinni umhverfisvitund megi fullnægja grundvallarþörfum fólks og snúa þróuninni við, bæta aðbúnað fólks og ástand umhverfisins. Engin ein þjóð getur gert þetta upp á eigin spýtur, en með sameinuðu átaki geti það tekist. Ítrekað er að markmiðin nást aðeins með samstarfi á heimsvísu um sjálfbæra

þróun og að byggja verði á forsendum allsherjarpings Sameinuðu þjóðanna fyrir heimsráðstefnunni, sem fram koma í ályktuninni sem samþykkt var 22. desember 1989.

Í framkvæmdaáætluninni er tekið á vandamálum líðandi stundar og stefnt að því að undirbúa heiminn fyrir viðfangsefni næstu aldar. Hún endurspeglar skilning og pólitískar skuldbindingar í æðstu þrepum stjórnkerfisins um samvinnu á sviði þróunar- og umhverfismála. Bent er á að það sé í höndum ríkisstjórna að koma áætluninni í framkvæmd og að það verði ekki gert nema með áætlanagerð og viðtækri samvinnu á þjóðlegum og alþjóðlegum grunni. Sameinuðu þjóðirnar hafi lykilhlutverki að gegna í þessu samstarfi, en aðrar stofnanir, fyrirtæki, áhugamannasamtök og almenningur hafi einnig skyldum að gegna.

Flestir þættir í framkvæmdaáætluninni fela í sér kostnað og þeim verður ekki komið í framkvæmd nema með verulega auknu fjárstreymi til þróunarríkjanna. Einnig er bent á þörfina á stuðningi við ríki sem eru að breyta um efnahagskerfi, eins og ríki fyrrum Sovétríkjanna.

I. Efnahags- og félagslegir þættir

2. kafli fjallar um alþjóðlega verslun, efnahagsmál almennt og leiðir til þess að flýta fyrir sjálfbærri þróun í þróunarlöndunum. Lögð er áhersla á alþjóðlega samvinnu, frjálsa verslun og að stefna í viðskiptum og umhverfismálum fari saman. Þar er ítrekað að fjárhagsgrundvöllur þróunarríkjanna sé slæmur og að fjármagnsyfirlærslur verði að eiga sér stað til þess að tryggja megi sjálfbæra þróun og takast á við fjárlagahalla þróunarlandanna.

3. kafli fjallar um baráttuna gegn fátækt. Mikið er lagt upp úr tengslum fátæktar og umhverfisvandamála og er bent á leiðir til þess að koma á sjálfbærri þróun um leið og fátækt verði útrýmt. Áhersla er lögð á að auka vægi heimastjórna, styrkja stofnanir og óopinbera aðila heima fyrir og auka þátt heimaaðila í ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda. Mælt er með sérstakri áætlun fyrir hvert land fyrir sig sem taki til sjónarmiða varðandi fólksfjölda, heilsufar, menntun, réttindi kvenna og hlutverk ungmenna.

4. kafli fjallar um neysluvenjur. Kaflanum er skipt í tvo meginþætti: a) greiningu á óskynsamlegum framleiðslu- og neysluvenjum og b) stefnumótun sem miðar að breyttum neysluvenjum. Bent er á að grundvallarþörfum stórs hluta jarðarbúa sé ekki fullnægt, meðan aðrir hafa meira en nóg til að bíta og brenna. Fátæktinni fylgja umhverfisspjöll og neysluvenjur og framleiðsluferlar ríkra þjóða skaða umhverfið. Fjallað er um leiðir til

Þess að ná fram breytingum í átt að sjálfbærri þróun, m.a. með bættum framleiðsluferlum, breyttum viðhorfum, stefnumörkun í hverju landi, notkun vistvænni tækni og orku frá endurnýjanlegum orkulindum, aukinni endurvinnslu og notkun umhverfisvænni vara. Lagt er til að neyslu verði stýrt með umhverfisgjöldum, umhverfis-sköttum og tryggingum.

5. kafli fjallar um fólksfjölgun. Áhersla er lögð á samræmdar áætlanir um umhverfi og þróun á alþjóðlegum og þjóðlegum grunni og bættan skilning á sambandi fólksfjölgunar, tækni, menningar og náttúruauðlinda.

6. kafli um heilsufar undirstrikar að óhagkvæm þróun samfara auknum íbúafjölda í heiminum geti leitt til alvarlegs heilsubrests sem eigi rætur í ástandi umhverfisins. Áhersla er lögð á lágmarks heilbrigðisþjónustu fyrir alla og varnir gegn smit-sjúkdómum. Einnig að dregið verði úr hættu á heilsutjóni vegna mengunar umhverfisins og hættulegra efna. Þá er áhersla lögð á forvarnarstarf og möguleika fólks til þess að bæta umhverfið.

7. kafli fjallar um búsetu. Í honum er lögð áhersla á að allir eigi rétt á húsaskjóli, sjálfbæra landnotkun og skipulega búsetu. Fjallað er um vatnsból, hreinlætisaðstöðu, frárennsli og meðhöndlun sorps; sjálfbær orku- og flutningskerfi, fyrirhyggju við skipulag og stjórnun á náttúruhamfarasvæðum, byggingar- og iðnaðarframkvæmdir og nýtingu hugvits.

8. kafli fjallar um samþættingu umhverfis og þróunar við ákvarðanatöku, stefnumótun og stjórnun. Þar er talað um þörfina á lögum og reglum, en áhersla lögð á notkun hagtakja til að ná settum markmiðum í umhverfis- og þróunarmálum.

II. Umhverfis- og auðlindastjórnun

9. kafli fjallar um verndun andrúmsloftsins. Umfjölluninni er skipt í fjóra megin málaflokka. Sá fyrsti fjallar um vísindalega vitneskju um loftslagsbreytingar, loftmengun og þynningu ósonlagsins. Lögð er áhersla á aukna samvinnu um rannsóknir, eftirlit, þróun aðferða og fræðslu til að auka þekkingu og bæta ákvarðanatöku innan þessa málaflokks.

Annar hlutinn fjallar um nauðsynlegar aðgerðir í orku- og iðnaðarmálum, samgöngumálum og auðlindanýtingu, sem miða að verndun andrúmsloftsins. Áhersla er lögð á að virkja og stuðla að aukinni notkun mengunarlausra og endurnýjanlegra orkugjafa, m.a. með því að dreifa orku frá slíkum orkulindum. Hvatt er til aukinnar orkunýtni og kveðið á um að iðnaður verði frekar

byggður upp þar sem völ er á umhverfissvænum orkugjöfum. Rætt er um þjóðarstaðla eða ráðleggingar varðandi orkuframkvæmdir og mengun og hvatt er til þróunar og notkunar á tækni sem dregur úr neikvæðum afleiðingum á umhverfið. Undirstrikuð er nauðsyn þess að taka tillit til þarfa þróunarlanda fyrir orku og að við stefnumörkun skuli taka bæði tillit til umhverfis- og efnahagssjónarmiða. Í kaflanum er bent á að verndun andrúmsloftsins sé viðamikil og flókið verkefni sem lýtur að flestum þáttum efnahagslífsins. Aðgerðir þurfi að laga að félagslegri og efnahagslegri þróun.

Lögð er áhersla á samgöngukerfi sem eru ódýr, hagkvæm, valda lítilli mengun og eru örugg. Hvatt er til skoðanaskipta um umhverfissvæna samgöngutækni og aðrar upplýsingar sem geta bætt ákvarðanir á þessu sviði, m.a. er mælt með svæðisbundnum ráðstefnum um samgöngur og umhverfi. Draga þarf úr losun lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum við nýtingu auðlinda á sjó og landi. Áhersla er einnig lögð á að varðveita og þróa þá hluta náttúrunnar sem draga úr gróðurhúsaáhrifum.

Þriðji málaflokkurinn tekur fyrir þynningu ósonlagsins í heiðhvolfinu og er vísað í Vínarsáttmálann um verndun ósonlagsins og Montreal-bókunina við hann. Ríki eru hvött til að taka höndum saman og vinna áfram á grundvelli Montreal-bókunarinnar.

Fjórði hlutinn fjallar um loftmengun sem berst milli landa. Vísað er til ECE-sáttmálans um langdræga loftmengun og bókanir hans, sem hafa stuðlað að samstarfi milli Evrópu og Norður-Ameríku. Þetta samstarf þarf að halda áfram að þróast og þekkingunni sem aflað er þarf að deila með öðrum landsvæðum. Lögð er áhersla á að gert verði nýtt samkomulag um takmarkanir á losun mengunarefna og þróun umhverfissvænnar tækni ásamt þróun eftirlitskerfa.

10. kaflinn fjallar um landrými, skipulag og landnotkun. Markmiðið er að stuðla að skipulagi lands þannig að ávinningur verði sem mestur samhliða því að stuðlað sé að breytingu á landnotkun í átt til sjálfbærrar nýtingar auðlinda þar sem tekið verði tillit til umhverfislegra, félagslegra og hagfræðilegra þátta. Bent er á að tillit þurfi að taka til eignaréttar, verndaðra svæða, frumbyggja og efnahagslegrar stöðu kvenna innan landbúnaðar og dreifbýlisþróunar.

11. kaflinn fjallar um baráttuna gegn eyðingu skóga á svipuðum nótum og reglurnar um verndun skóga, en gengur lengra varðandi ráðstafanir á alþjóðlegum og þjóðlegum vettvangi. Kaflinn skiptist í fjóra þætti og fjallar sá fyrsti um þau markmið að styrkja stofnanir og auka þekkingu og tækni. Í öðrum hluta er lögð

áhersla á að auka útbreiðslu skóga í heiminum, m.a. með verndun náttúrulegra skóga og ræktun nýrra. Þriðji hlutinn fjallar um nýtingu og verðmæti skógarafurða og skógarsvæða. Rætt er um nauðsyn þess að efla og styrkja áætlanagerð og mat á skógar-áætlunum, þar með taldar viðskiptaáætlanir.

12. kafli fjallar um það hvernig koma megi í veg fyrir myndun eyðimarka með fyrirbyggjandi aðgerðum á svæðum sem eru í hættu. Einnig fjallar kaflinn um aðgerðir til að endurheimta landsvæði á hættusvæðum. Bent er á að í þessari baráttu sé þátttaka heimastjórna, sveitastjórna, ríkisstjórna, áhugasamtaka og alþjóðlegra samtaka nauðsynleg. Áhersla er lögð á að:

- Efla þekkingu og þróa upplýsinga- og eftirlitskerfi.
- Hindra landeyðingu m.a. með jarðvegsbótum og skógrækt.
- Þróa og styrkja þá aðila sem vinna gegn fátækt og bæta lífskjör á þurrkasvæðum.
- Móta umfangsmiklar áætlanir til að hindra eyðimerkurmyndun og tengja þær þróunar- og umhverfisáætlunum hverrar þjóðar fyrir sig.
- Þróa umfangsmiklar varnaráætlanir á þurrkatímum.
- Efla almenna þátttöku og umhverfisfræðslu.

13. kafli fjallar um sjálfbæra þróun fjallasvæða. Áhersla er lögð á efla þekkingu á vistfræði fjallenda og að stuðla að verndun vatns á þessum svæðum. Einnig er vakin athygli á nauðsyn þess að bæta atvinnuástand í fjallahéruðum.

14. kafli fjallar um tólf meginatriði til sem stuðla að sjálfbærri landbúnaðarstefnu og þróun dreifbýlis. Þar er m.a. rætt um hlutverk landbúnaðar í matvælaframleiðslu og sjálfbærri þróun, mikilvægi upplýsinga og menntunar, varðveislu og endurnýjun auðlinda landsins, aðgang að vatni, varðveislu og sjálfbæra nýtingu á plöntum og dýrum og óhefðbundnar orkulindir.

15. kafli fjallar um verndun og viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og er í raun viðbót við sáttmálann um fjölbreytileika lífs.

16. kafli fjallar um líftækni og notkun líftækni við matvælaframleiðslu og framleiðslu á endurnýjanlegu hráefni til að bæta heilsufar mannkynsins og vernda umhverfið. Hvatt er til aukinnar alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði, m.a. um öryggismál.

17. kafli fjallar um að samþætta stjórnun og sjálfbæra þróun strandsvæða, um verndun sjávar gegn mengun, verndun lifandi auðlinda sjávar, bæði innan auðlindalögsögu þjóða og á alþjóðlegum hafsvæðum. Mikilvæg atriði hafréttarsáttmálans um verndun sjávar og auðlinda hans eru staðfest. Í kaflanum eru ýmis ákvæði er varða mengun sjávar. m. a. um að hætta losun á

þrávirkum lífrænum efnum og geislavirkum efnum. Einnig var ákveðið að boða til alþjóðlegs fundar árið 1994 um gerð alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Fyrirmæli eru til alþjóðlegra stofnana um að herða reglur um flutning á hættulegum efnum á sjó.

Gert er ráð fyrir því að Sameinuðu þjóðirnar boði fljótlega til alþjóðlegs fundar til að fjalla um og setja reglur um veiðar á fiskistofnum sem ýmist halda sig innan eða utan marka efnahagslögsögu einstakra ríkja og um úthafsveiðar. Kveðið er á um samvinnu ríkja um rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra. Sú meginregla er sett að nýta beri sjávarspendýr á sama hátt og aðrar lífverur hafsins og starfsemi svæðisbundinna og alþjóðlegra stofnana sem vinna á þessu sviði er viðurkennd.

18. kafli fjallar um verndun vatnsgæða og vatnsbóla. Kaflinn skiptist í eftirfarandi sjö meginsvið: meðferð vatnsbóla, kortlagningu og verndun vatnsbóla, gæði vatns og vatnasvæða, aðgang að drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu, vatn og sjálfbæra þróun borga og þorpa, vatn og matvælaframleiðslu og loks áhrif loftslagsbreytinga á vatnsból.

19. kafli fjallar um ábyrga förgun og meðhöndlun hættulegra efna og leiðir til að koma í veg fyrir ólöglegan flutning eittra og hættulegra efna. Megináhersla er lögð á þörfina á alþjóðlegu mati á hættunni, sameiginlegt flokkunar- og merk-ingarkerfi, miðlun upplýsinga um eiturefni og hættu samfara þeim og áætlanir um að draga úr hættunni. Áhersla er einnig lögð á að efla möguleika og aðstöðu ríkja til að stýra meðferð eiturefna og leiðir til þess að hindra alþjóðlegan, ólöglegan flutning eiturefna.

20. kafli fjallar um meðhöndlun hættulegs úrgangs. Markmið kaflans er að stuðla að því að dregið verði, eins og frekast er unnt, úr myndun hættulegs úrgangs og hann verði meðhöndlaður þannig að hann skaði ekki heilsu manna né umhverfið. Áhersla var lögð á að stuðla að og styrkja stofnanir á sviði stjórnunar og meðhöndlunar hættulegs úrgangs. Einnig að stuðla að og styrkja alþjóðlega samvinnu um stjórnun á flutningum á hættulegum úrgangi milli landa og koma í veg fyrir ólöglegan flutning.

21. kafli fjallar um meðhöndlun fasts úrgangs og frárennismál. Kaflinn var tekinn inn í framkvæmdaáætlunina í samræmi við samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í þessari samþykkt allsherjarþingsins er lögð áhersla á að ábyrg meðhöndlun úrgangs sé nauðsynleg ef takast á að vernda umhverfið. Bent er á að ákvæði kaflans um frárennsli og úrgang verði að skoða í nánú samhengi við efni kaflanna sem fjalla um nýtingu ferskvatnsauðlinda, búsetuþróun, heilsufar og neyslu (18,

7, 6, og 4). Í kaflanum er lögð áhersla á það að draga úr sorpmagni, m.a. með því að nota hagtæki og aðrar aðferðir til þess að breyta framleiðsluháttum og neysluvenjum. Einnig er áhersla lögð á að auka endurvinnslu og endurnýtingu og að tryggja að allt mannkynið búi við heilsusamlega og ábyrga söfnun, meðhöndlun og eyðingu úrgangs.

22. kafli fjallar um meðhöndlun geislavirks úrgangs. Markmið kaflans er að tryggja það að meðferð, flutningur, geymsla og eyðing geislavirks úrgangs verði þannig að ekki skaði heilsu manna né umhverfið. Hætta skal allri losun geislavirks úrgangs í sjó og förgun þesskonar úrgangs undir hafsbotn, nema hægt sé að sýna fram á að hann skaði ekki umhverfið. Skorað er á aðildarríki Lundúnarsamkomulagsins að breyta tímabundnu banni við varpi geislavirks úrgangs í hafið í algjört bann.

III. Hlutverk óopinberra hópa í sjálfbærri þróun

23. kafli er inngangskafli að næstu níu köflum, köflum 24-32, sem allir fjalla um mismunandi þjóðfélagshópa, hlutverk þeirra og þátttöku í sjálfbærri þróun. Settar eru fram reglur og tillögur um átak til styrktar konum, börnum og ungmennum, frumbyggjum, sjálfbóðaliðasamtökum, svæðisstjórnnum, verkalyðshreyfingum, iðnaði, vísindum og rannsóknum, ásamt smábændum og sjómönnum

Bent er á að undirstaða þess að hægt verði að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar sé almenn þátttaka fólks í ákvarðanatöku og að þörf sé á nýjum vettvangi fyrir slíka þátttöku. Í þessu felst m.a. þörf á að einstaklingar, hópar og samtök taki þátt í framkvæmd umhverfismats og viti um og taki þátt í ákvörðunum, sérstaklega þeim sem skipta máli fyrir þeirra heimabyggð. Áhersla er lögð á aðgang almennings að upplýsingum er tengjast umhverfi og þróun, m.a. upplýsingum um framkvæmdir sem líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á umhverfið og upplýsingum um verndunar- aðgerðir. Sérstaklega er bent á að allar ákvarðanir sem teknar verða á grunni framkvæmdaáætlunarinnar eigi að varða alla þjóðfélagshópa jafnt.

IV. Forsendur fyrir framkvæmd áætlunarinnar

33. kafli fjallar um fjármál, sérstaklega um aðstoð iðnþróuðu ríkjanna við þróunarríkin við að hrinda áætluninni í framkvæmd. Af hálfu þróunarríkjanna hafði verið reiknað með að

iðnþróðu ríkin myndu skuldbinda sig til að fjármagna verulegan hluta af þeim 125 milljörðum bandaríkjadala sem *Dagskrá 21* gæti kostað fram til ársins 2000, að mati framkvæmdanefndarinnar. Norðurlöndin höfðu lagt til að öll iðnþróðu ríkin legðu fram árlega upphæð sem svaraði til 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu þeirra. Niðurstaðan varð málmiðlunarorðalag þar sem ríku löndin ítreka fyrri loforð um að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af þjóðarframleiðslu, þar sem því marki er ekki þegar náð. Samþykkt var að iðnþróðu ríkin auki þróunaraðstoð sína til að ná þessu marki „svo fljótt sem verða má“ til að tryggja framkvæmd *Dagskrár 21*. Tekið er fram að sum lönd samþykkja eða hafa þegar samþykkt að ná þessu marki árið 2000. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem koma skal á laggirnar skal reglulega fylgjast með hvernig einstökum löndum miðar að þessu markmiði. Í kaflanum er einnig fjallað um þátt alþjóðastofnana í fjármögnunarferlinu.

34. kafli fjallar um umhverfissvæna tækni, útbreiðslu hennar og samvinnu á því sviði. Markmiðið með kaflanum er m. a. að reyna að tryggja aðgang þróunarríkjanna að vísindalegum og tæknilegum upplýsingum og stuðla, eins og við á, að flutningi fjármagns, tækni og þekkingu til þróunarlandanna. Einnig að styrkja getu einstakra ríkja, sérstaklega þróunarríkjanna, til þess að tileinka sér og nota umhverfissvæna tækni með aukinni menntun og með því að styrkja stofnanir á sviði rannsókna og þróunar.

35. kafli fjallar um vísindi og sjálfbæra þróun - hlutverk vísinda og notagildi þeirra við stjórnun umhverfis til hagsbóta fyrir daglegt líf og framtíðarþróun mannkyns. Kaflanum er skipt í fjögur meginsvið sem fjalla um vísindalegan grundvöll sjálfbærrar þróunar, bættan vísindalegan skilning, vísindalegt umhverfismat og framkvæmdir. Mælt er með því að öll lönd, með stuðningi alþjóðlegra stofnana, leggi mat á vísindalega þekkingu sína, rannsóknarþörf og forgangsverkefni til þess að bæta megi úr þar sem skórin kreppir.

36. kafli fjallar um menntun og vitundarvakningu. Bent er á að ákvæði kaflans varða nánast öll svið framkvæmdaáætunarinnar. Meginatriði kaflans eiga rætur að rekja til ráðstefnu UNESCO og UNEP í Tíblisi árið 1977 um umhverfismennt.

Viðurkennt er að ríki, svæðisbundin samtök og alþjóðasamtök munu raða verkefnum í forgangs röð í samræmi við eigin þarfir, og markmið kaflans eru sett í ljósi þess. Áhersla er lögð á að veita 80% pílta og stúlkna grunnmenntun, draga úr ólæsi fullorðinna um 50% miðað við ástandið 1990. Ólæsi og menntun kvenna ber að gefa sérstakan gaum og færa til jafns við karla. Þá er ítrekað að vekja þurfi umhverfis- og þróunarvitund að meðal almennings og

veita öllum aldurshópum aðgang að menntun á sviði umhverfis- og þróunarmála.

Bent er á að enn skortir töluvert á almenna vitneskju um innbyrðis tengsl framkvæmda og umhverfis, sérstaklega vegna skorts á upplýsingum eða vegna rangra upplýsinga. Lagt er til að ríki styrki ráðgefandi stofnanir eða setji nýjar á laggirnar til að veita almenningi uppýsingar um umhverfi og þróun og samræma aðgerðir. Einnig er lagt til að hvatt verði til þátttöku almennings í umræðu um umhverfismál. Stofnanir eins og UNICEF, UNESCO, UNEP og UNDP eiga að taka þátt í vitundarvakningu almennings ásamt opinberum stofnunum, sjálfbóðaliðum, leikhúsum og fleiri aðilum. Sérstaklega er mælt með að börn og unglingar verði virkjuð.

37. kafli fjallar um alþjóðlega samvinnu um getu þjóða til að ná fram sjálfbærri þróun. Sérstök áhersla er lögð á endurmat á tæknilegri samvinnu, útflutning á tækni og þekkingu sem löguð er að þörfum og aðstæðum þróunarríkjanna. Þau markmið eru sett:

- að öll lönd, helst fyrir 1994, fjalli um þarfir sínar varðandi getu til að móta stefnu sína um sjálfbæra þróun (Hér verður framkvæmd *Dagskrár 21* að teljast með)
- að aðalritari Sameinuðu þjóðanna leggi skýrslu fyrir allsherjarþingið um þróun á sviði hæfniuppbyggingar fyrir 1997. Hana þarf m. a. að vinna á grundvelli skýrslna einstakra landa og upplýsinga frá alþjóðlegum stofnunum, umhverfis- og þróunarsamtökum, hjálparstofnunum og hugsjónasamtökum

38. kafli fjallar um stöðu alþjóðlegra stofnana og hvernig þær tengjast framkvæmd *Dagskrár 21* og annarra samþykktu ráðstefnunnar. Í kaflanum er mælt með því að sett verði á stofn nefnd um sjálfbæra þróun sem komi saman til fyrsta fundar árið 1993. Sagt er frá hlutverki nefndarinnar í kaflanum og eitt af aðalverkefnum er að fylgjast með því hvernig framkvæmd áætlunarinnar gengur. Einnig er nefndinni ætlað að samræma vinnu að umhverfis- og þróunarmálum á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Nefndin skal meta reglulega hvernig ríki framfylgja framkvæmdaáætluninni, m. a. að iðnþróuðu ríkin veiti 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarhjálp.

Í kaflanum er fjallað um hlutverk UNEP og UNDP og annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna í sjálfbærri þróun.

39. kafli fjallar um alþjóðlegan umhverfisrétt. Lögð er áhersla á að það skuli vera grundvallarmarkmið alþjóðlegs umhverfisréttar að jafnvægi ríki milli umhverfissjónarmiða og

þróunar. Kaffinn hefur að geyma tillögur um lausn ágreiningsmála og gert er ráð fyrir að gildandi sáttmálar og alþjóðasamningar verð endurskoðaðir reglulega og að þeir verði styrktir. Mælt er með því að aðilar að alþjóðasamningum komi sér upp endurskoðunar- og eftirlitskerfi til þess að fylgjast með framkvæmd þeirra og kannað verði á hvern hátt alþjóðlegar stofnanir, eins og t.d. UNEP, geti stutt slíkar áætlanir.

40. kafli fjallar um upplýsingar og gögn um umhverfismál. Bent er á að ennþá skortir verulega á að nægjanlegar og ítarlegar upplýsingar liggi fyrir um umhverfi og þróun og að í mörgum tilvikum skortir fé til þess að vinna úr upplýsingum sem þegar eru fyrir hendi. Lögð er áhersla á að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar til notkunar við stefnumörkun fyrir sjálfbæra þróun og til þess að meta ástand umhverfisins. Talið er nauðsynlegt að samræma upplýsingar og styrkja stofnanir sem vinna á þessu sviði.

Alþjóðlegur samningur um loftslagsbreytingar

Loftslagssamningurinn var lagður fram til undirritunar á heimsráðstefnunni og var þar undirritaður af 153 þjóðum. Malasía undirritaði ekki og rökstuddi þá ákvörðun með því að í samningnum væru ekki ákvæði sem skylduðu iðnþróuðu ríkin til að gera tímaáætlanir og marka skýra stefnu um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Sádí-Arabía og Kúvæt, sem unnu markvisst að því á öllu samningaferlinu að draga úr skuldbindandi ákvæðum samningsins, undirrituðu heldur ekki lokaskjalið. Samningurinn mun taka gildi 90 dögum eftir að 50 lönd hafa staðfest hann og fyrsti aðildarfundur mun verða haldinn innan árs frá gildistöku. Í sáttmálanum er mikil áhersla lögð á „aðgæsluregluna“, að réttlætis sé gætt milli iðnvæðra ríkja og þróunarlanda hvað varðar ábyrgð og framkvæmdir, auk réttlátrar verkaskiptingar milli iðnþróðra ríkja.

Í samningnum eru iðnríkin skuldbundin til að gera áætlanir og hefja aðgerðir sem miða að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Samningurinn leyfir það að ríki vinni sameiginlega að þessu markmiði. Til viðbótar við aðgerðir sem takmarka losun mun einnig verða tekið tillit til aðgerða sem draga úr gróðurhúsalofttegundum í andrúmsloftinu, t.d. uppgræðslu og skógrækt. Ríkjum ber að leggja fram skýrslu um áætlanir og aðgerðir á sameiginlegum fundum aðildarlandanna og verður sett á fót stofnun eða nefnd sem fylgjast mun með því hvernig framkvæmdum miðar í einstökum ríkjum. Samkomulag náðist

ekki um það að setja í samninginn ákvæði um að losun þessara lofttegunda af mannavöldum árið 2000 yrði ekki meiri en hún var árið 1990, en lögð áhersla á að ríki beri að stefna að því takmarki.

Samningurinn leggur þá skyldu á iðnríkin að aðstoða þróunarríkin við að minnka sem mest losun gróðurhúsalofttegunda og nýta endurnýjanlega orkugjafa í þessu sambandi.

Loftslagssamningurinn er rammisamningur sem miðar að því að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu og draga þannig úr hættunni á loftslagsbreytingum. Með honum er skapaður grundvöllur fyrir aðgerðir til þess að sporna gegn þessari vá, sem verður ekki barist gegn nema með alþjóðlegu átaki. Gert er ráð fyrir að sðar verði meira skuldbindandi og skýrari ákvæði sett um takmarkanir á losun þessara efna, og þá í formi bókana við samninginn.

Alþjóðlegur samningur um fjölbreytileika lífs

Á ráðstefnunni í Ríó undirrituðu 155 þjóðir samninginn um fjölbreytileika lífs. Athygli vakti að Bandaríkjamenn skrifuðu ekki undir og lýstu því yfir að þeir myndu ekki skrifa undir hann óbreyttan. Samningurinn er grundvöllur þess að þjóðum heims takist að stöðva útrýmingu tegunda og tapi á erfðaefni.

Samkvæmt samningnum skulu aðildarríkin gera áætlanir um verndun fjölbreytileika lífs og hvernig nýta skuli lifandi auðlindir á sjálfbæran hátt. Þessar áætlanir verða lagðar fram og yfirfarnar á fundum aðildarríkja af sérstöku vísindaráði sem ríkin munu koma á fót.

Stofnaður verður sérstakur sjóður til bjargar tegundum í útrýmingarhættu og til að flytja tegundir aftur á svæði þar sem þeim hefur þegar verið útrýmt. Samningurinn tekur einnig til tegunda sem ekki finnast í náttúrunni, svo sem vegna erfðabreytinga með hjálp líftækni, og til tegunda sem hafa verið fluttar til nýrra heimkynna.

Ríki sem staðfesta samninginn skuldbinda sig til að efla rannsóknir og tækniþróun og iðnríki skulu eftir mætti veita þróunarríkjum tækni- og fjárhagsaðstoð. Þau ríki sem hagnast mest á nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika skulu bera mesta ábyrgð.

Samningurinn felur í sér bindandi ákvæði um það hvernig skuli stjórna lifandi auðlindum sínum þannig að fjölbreytileikinn varðveitist. Einnig er kveðið á um það hvernig og með hvaða skilyrðum iðnvæddu ríkin fá aðgang að auðlindum þróunarlöndanna gegn því að þau miðli af þekkingu sinni, tækni og veiti nýju fjármagni til þeirra.

Þegar um einkaleyfi á útflutningi á erfðafræðilegum eignum og tækni er að ræða eru í sáttmálanum ákvæði um að „slíkur útflutningur skuli eiga sér stað í samræmi við eignarétt á hugverkum“. Aðildarlöndin munu áfram fjalla um stefnu varðandi útflutning og losun erfðaþróaðra lífvera og væntanlega verður samþykkt bókun um það mál á ráðstefnu þeirra innan tíðar.

Á alþjóðavettvangi skulu iðnvæddu ríkin veita aðstoð í formi nýrra viðbótarframlaga til þróunarlandanna til að mæta kostnaði sem þau verða fyrir við varðveislu og stjórnun líffræðilegs fjölbreytileika sinna landa. Þessi viðbótarkostnaður skal ákveðinn á fundum aðildarríkja og réttlát kostnaðarskipting skal vera á milli iðnvæddu ríkjanna varðandi greiðslur. Í sérstakri grein er minnst á að möguleikar þróunarríkjanna til að uppfylla skuldbindingar sáttmálans velti á því að iðnvæddu ríkin standi við skuldbindingar sínar varðandi aðstoð í formi fjárframlaga og tækniútflutnings.

Samþykki er fyrir því að sáttmálinn skuli ná til alls líffræðilegs fjölbreytileika, jafnt villtra tegunda og náttúrulegra vistkerfa sem ræktaðra og aðlagaðra tegunda. Sáttmálinn inniheldur einnig ákvæði um ólíkar aðferðir við verndun og sjálfbæra notkun náttúrunnar með það að markmiði að fjölbreytileikinn haldist.

Fullveldisregla Stokkhólmsyfirlýsingarinnar frá 1972 er sett sem aðalregla í framkvæmdahluta samningsins. Þar er kveðið á um að ríki hafi rétt til að nýta eigin auðlindir svo fremi sem starfsemin innan lögsagnarumdæma og eftirlitssvæða þeirra skaði ekki umhverfi annarra ríkja.

Aðildarríkin skulu, í hverju landi fyrir sig, sjá um nauðsynlega fjármögnun aðgerða sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrði sáttmálans.

Hvað varðar sjávarsvæði skal framkvæmd samningsins vera í samræmi við réttindi og skyldur ríkja eins og kveðið er á um í Hafréttarsáttmálanum.

VIÐAUKAR

Address by the President of Iceland
Her Excellency
Madame Vigdís Finnbogadóttir
at the
United Nations Conference
on Environment and Development
Rio de Janeiro, Brazil,
12 June 1992

Mr. Chairman, Excellencies, Ladies and Gentlemen,

Let me first of all express my thanks and appreciation to you, Mr. Chairman, and the Government of Brazil for hosting the United Nations Conference on Environment and Development, the largest summit conference ever.

What is it that distinguishes man from other animals? His gift of words, and also the scale of his actions which can now transform nature instead of merely complementing it. The reason we are here is really that man has taken himself out of nature, has attempted to manipulate it and make it his slave instead of his partner.

Our hope, of course, rests with man's gift for words and action, too. We are beginning to state the problem and organize ourselves to act. It is worth remembering, too, that the questions we have not answered here still remain on the world's agenda, simply because they have been raised, and will not disappear until they have been resolved.

On the other hand, if we fail to turn our words into concerted and fruitful global action, we risk losing the confidence of the world in our integrity and ability to tackle the problem. It is our duty not just to plan, but to inspire faith and to set an example.

Pollution is a global problem, everybody's problem. John Donne said that no man is an island, and environmentally speaking no island is an island either. As you all know, the Icelanders live almost entirely by harvesting the sea. Internationally we have been spokesmen for measures to protect the marine environment on a global scale. We therefore welcome the signs that more concerted action will be taken to deal with the most serious threats to the seas, which include persistent organic substances and radioactive waste

We also welcome the commitment made here to the conservation and sustainable use of marine living resources, and the recognition that coastal states should benefit from sustainable harvesting of them.

No matter what resolutions are made or not made at a forum such as this, no genuine and lasting environmental improvement can take place without grass-roots involvement on a global scale. In the Nordic countries we had an Environmental Year last year. One of the most remarkable activities then was to set up so-called "green families" in many Nordic cities, who tried to find out just

how environment friendly a life they could lead, and formed a human chain linked by the awareness of a positive lifestyle. These green families - adults and children alike - compared their results afterwards and have become members of a close growing circle of friends.

Mass action and constructive campaigns have already produced small but encouraging results. In Iceland which is home to 0.005% of the world's population, 4 million trees are being planted each year, equivalent to 16 for every man, woman and child. Imagine this being done the world over - 80 billion new trees a year. It would not take our asphyxiated planet long to start breathing healthily again, if world action could be taken on such a scale. We are changing the eroded soil of a sub-arctic desert into a green land once again.

Nobody made a greater mistake than he who did nothing because he could only do little", said Edmund Burke so strikingly. But we must beware of self-congratulation, since we are not acting to win praise, but rather to avoid the condemnation of our children and grandchildren who will inherit the earth from us.

The World Summit for Children held at the United Nations Headquarters in New York in 1990, adopted a Declaration for the Survival, Protection and Development of Children. The children of the world have now sent us messages, symbolically carried by the Viking Ship GAIA, reminding us to keep the promise. These messages have been printed in a book which all of us will be receiving. Here I should only like to recall one of them, from a young girl. She said: "Of course I am interested in the future. It is the rest of my life".

Mr. Chairman,

A thousand years ago, our ancestors in the Nordic countries believed the world would be destroyed by the forces of evil. In Iceland we remember the closing words of one of our own greatest literary treasures, the medieval cosmological poem *Völuspá*, "The Sybil's Prophecy":

She sees arise
A second time
Earth from the sea,
Green with growth.
Falls cascade,
The eagle flies high,
The one from the mountains,
Who stoops for fish...

Never before has this inspired vision from the past been such an inspiration for the future.

United Nations Conference
on Environment and Development
Rio de Janeiro, 3.-14. June, 1992

Plenary session

Statement by Eiður Guðnason
Minister for the Environment in Iceland

5. June 1992

43

Mr. President, dear colleagues, distinguished delegates.

At the very beginning of my remarks, Mr. President, I would like to express my thanks and appreciation to the Government of Brazil for hosting the Conference, the largest gathering of its kind ever convened.

As we become more aware of the severe environmental problems facing many areas of the world, Icelanders must admit to themselves that they are in an extremely enviable position. Owing to Iceland's sparse population, high standard of living, low level of industrialization, the use of environmentally sound and renewable energy resources, and little crop cultivation, the level of pollution in Iceland is relatively low. On the other hand we have our share of environmental problems such as serious destruction of the vegetative cover and soil erosion.

We are fortunate in that we have an abundance of non-polluting and renewable energy resources which we have utilized only to a small extent. At present 94 per cent of our electricity is produced by hydro-power, 6 per cent derives from geothermal sources and a mere 0.1 per cent is oil generated. Geothermal energy provides for 85% of the requirements for space heating in Iceland.

I am confident that because of the general orientation of the Icelendic people in environmental matters, we can deal with the environmental problems we face domestically.

But the maintenance of Iceland's high standard of living is overwhelmingly dependent upon the rational use of marine resources. The fishing grounds around Iceland are our fields and without them Iceland would not be habitable. The sustainable utilization of the living marine resources around Iceland is the very basis of our existence.

Even in Iceland's isolated geographical position it has become ever more clear that international cooperation is essential to ensure the continued sustainable utilization of our resources.

As a island bordering on the Arctic Circle, Iceland has cooperated closely with its neighboring countries for the protection of the fragile environment of our northern areas. Last year the eight arctic countries endorsed a comprehensive strategy for protecting the arctic environment. The strategy is designed to guide development in a way that will safeguard the arctic environment for future generations and in a manner that is compatible with nature.

Unfortunately, we have discovered that our part of the world

has more pollution than we once thought. We considered ourselves relatively safe, being remote from the centers of industrialization. That is not the case and this reminds us of the fact that environmentally speaking there are no islands in the world anymore, we are all part of a single whole for the well being of which we share a common responsibility.

Therefore, Mr. President,

the Government of Iceland has from the beginning had high hopes for the outcome of this conference and in Iceland there has been no question as to what our representatives should attach the greatest importance to during the preparatory negotiations, namely the protection and preservation of the marine environment and the sustainable use of its natural resources.

The oceans are an indispensable source of food for mankind. Bearing in mind the growing challenge of population growth, it is imperative that the resources of the seas remain available for human consumption. In order to achieve that objective, a far stronger emphasis must be put on conservation and the rational utilization of all marine species. In this respect we must bear in mind that maximum sustainable yield of food from the marine environment will reduce the need for food production on land and is therefore an important goal towards attaining sustainability.

The management of the living marine resources should be in accordance with the principles of international law as reflected in the United Nations Convention on the Law of the Sea. It is of particular concern to my Government that in many parts of the world there are indications that fisheries on the high seas are being carried out beyond the sustainable level. This underlines the necessity to agree upon international rules to control high seas fisheries in order to ensure sustainable utilization. My Government is therefore in favour of convening, as soon as possible, under the auspices of the United Nations, an intergovernmental conference with a view to promoting effective implementation of the provisions of the Law of the Sea Convention on straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

Mr. President,

the Government of Iceland considers pollution to be, by far, the greatest threat to the future sustainable development of the marine environment and its living resources. Therefore it is our firm view that the nations of the world must attach the highest priority to achieving international agreement for the control and reduction of marine pollution. During the negotiations leading up to this Conference Iceland has stressed certain specific points as regards preservation of the marine environment.

First, it is generally recognized that land based sources contribute about 70 per cent of all marine pollution. This is why we should without any further delay draw up an international convention for the prevention of marine pollution from all land based sources.

Secondly, it is well known that persistent organic substances discharged into the sea, not least by the industrialized countries, pose a grave threat to the marine ecosystem. Such discharges must be brought to a halt and the precautionary principle should be applied, as elsewhere in environmental protection. The year 2000 is in my opinion a realistic target date in this respect.

Thirdly, a ban should be imposed not later than in 1998 against all disposal of radioactive wastes into the sea from land-based or sea-based sources. Similarly, no storage or disposal of nuclear waste should be allowed in sub-seabed repositories. Transportation of all radioactive substances by ships should be regulated by the International Maritime Organization and transportation of irradiated nuclear fuels should be permitted only in purpose-built vessels. The dangers of nuclear accidents threatening the marine environment and the livelihood of those nations that base their very existence on the marine environment relate also to military vessels, nuclear powered vessels and vessels carrying nuclear weaponry. Safety and environmental rules must also include military activities. There is no logical reason to exclude the military from generally accepted safety rules and environmental standards. It is also important that the question of liability and compensation in cases of pollution incidents be resolved.

Another related and extremely important issue is the prevention and minimization of hazardous and toxic waste. The generation of such waste should be reduced to the extent possible as part of cleaner technological production methods. Governments should in our view aim for a universal ban on the export of hazardous waste and toxic products to countries which cannot deal with their disposal in an environmentally safe manner.

Mr. President,

the negotiations that have lead us to this Conference have indeed been complex and cumbersome. They have not only illustrated the variety of views and attitudes towards the environment and development but they have also shown us the ways and means to our common goals of sustainable development. We have also come to recognize that there are intricate links between the environment and development.

The twentieth century has seen a formidable growth in the global population and in the total environmental impact of man's activities on earth. Population growth, consumption patterns and

life styles have all a fundamental effects on the environment and are important issues that must be tackled.

We live in a world where there are rich nations and where there are poor nations. Poverty is in itself one of the major causes of environmental degradation. The success of our conference here in Rio will indeed, to a great extent depend upon what decisions are made on the transfer of technological and financial resources to the developing countries. In that respect the rich world must belatedly accept its duties and responsibilities.

Iceland has along with the other Nordic countries proposed a package on financial resources on environment and development issues. Existing mechanisms should be strengthened to ensure effective implementation of UNCED decisions. A restructured Global Environment Facility should have a central role in distributing financial resources in this respect.

Mr. President,

yesterday I signed on behalf of Iceland the United Nations Framework Convention on Climate Change. Next week I expect to sign the Convention on Biological Diversity. Although it is evident that much more must be done in order to agree upon concrete commitments in order to reach the aims of the conventions we regard them as tangible reflections of the concerns we share in this Conference.

In closing, Mr. President, to be quite frank, we Icelanders would have liked to see more tangible results coming from this unique gathering of nations, but we do realize the difficulties we are faced with in reaching agreements on complex issues. But, the important thing is perhaps not what happens here during these days, but what happens after our conference, when we return to our respective homes. Our efforts will not be measured by the number of pages that pour out of this conference, not by the words but by our deeds.

In the seventeenth century John Milton wrote,
Nature hath done her part,
do thou but thine.

This good advice is still valid, and we should heed it.

Skýrsla umhverfísráðherra
um þátttöku Íslands í
4. undirbúningsfundi fyrir ráðstefnu
Sameinuðu þjóðanna um
umhverfi og þróun.

New York 2. mars - 3. apríl 1992.

1. Inngangur

Fjórði og síðasti undirbúningsfundur ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun var haldinn í New York dagana 2. mars til 3. apríl s.l. Meginverkefni fundarins var að ljúka gerð tillagna að lokasamþykkt fyrir ráðstefnuna sem haldin verður í Ríó de Janeiro 3.-14. júní n.k. Reiknað er með því að helstu samþykktir ráðstefnunnar verði annarsvegar yfirlýsing um grundvallarreglur, rétt okkar og skyldur gagnvart umhverfinu, svonefnd "Ríó-yfirlýsing" og hinsvegar víðtæk framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Þá er ennþá gert ráð fyrir að á ráðstefnunni verði lagðir fram til undirritunar tveir alþjóðasáttmálar, annar um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og hinn um verndun andrúmsloftsins. Það er þó að verulegu leyti háð niðurstöðum tveggja funda um sitt hvort málefnið, sem haldnir verða í lok apríl og byrjun maímánaðar.

Á fundinum tókst að ljúka samningum um fjölmörg atriði í framkvæmdaáætluninni, þó enn séu mörg atriði óleyst, sérstaklega þau er varða meðferð skóga og mengun andrúmsloftsins. Stærsta einstaka óleysta málið eftir New York fundinn er fjárstuðningur iðnríkjanna til úrbóta í umhverfismálum, einkum í þróunar- ríkjunum. Niðurstaða í þessu máli mun hafa afgerandi áhrif á þróun umhverfismála á næstu árum.

Við undirbúning fundarins af Íslands hálfu var megináhersla lögð á nokkra afmarkaða þætti svo sem verndun hafsins og nýtingu lífandi auðlinda þess, verndun andrúmsloftsins, m.a. orkumál, líffræðilegan fjölbreytileika og grundvallarreglur í samskiptum ríkja í umhverfismálum sem fram koma í Ríó-yfirlýsingunni. Sendinefnd Íslands bar fram fjölmargar tillögur á þessum sviðum á fundinum í New York, og fylgdi þeim eftir eins og kostur var.

Sendinefnd Íslands á fundinum var skipuð eftirtöldum fulltrúum sem flestir sátu aðeins hluta af fundinum:

Guðmundur Eiríksson	09.03 - 03.04
Gunnar G. Schram	02.03 - 01.04
Magnús Jóhannesson	09.03 - 27.03
Jón Gunnar Ottósson	06.03 - 28.03
Helgi Gíslason	Fastanefnd Íslands hjá S.P.
Kornelíus Sigmundsson	Fastanefnd Íslands hjá S.P.
Grétar M. Sigurðsson	Fastanefnd Íslands hjá S.P.
Kjartan Júlíusson	09.03 - 21.03
Jóhann Sigurjónsson	09.03 - 14.03
Hörður Bjarnason	23.03 - 28.03

Störf fundarins skiptust á allsherjarnefnd og þrjár vinnunefndir. Í allsherjarnefnd var fjallað um fjármál þ.m.t. þróunaraðstoð á sviði umhverfismála, tækniþróun og flutning tækniþekkingar milli landa, fátækt og menntun.

Verkefni 1. vinnunefndar var að fjalla um þá þætti framkvæmdaáætlunarinnar sem vörðuðu auðlindir á landi, landbúnað og dreifbýlisþróun, verndun og nýtingu skóga, viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og þróun líftækni, meðferð viðkvæmra vistkerfa, sérstaklega fjallasvæða, og verndun andrúmsloftsins. Í 2. vinnunefnd var fjallað um þá þætti framkvæmdaáætlunarinnar sem snerta verndun hafsins og lifandi auðlindir þess, vatnsvernd, meðferð eiturefna, hættulegan úrgang, geislavirkan úrgang og sorp. Í 3. vinnunefnd voru helstu viðfangsefni, gerð draga að stefnuyfirlýsingu um réttindi og skyldur ríkja í umhverfismálum (Ríó-yfirlýsing), umfjöllun um hlutverk og samskipti stofnana til að framfylgja ákvörðun ráðstefnunnar, og loks gerð nýrra alþjóðasamninga um umhverfismál. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim málum sem íslenska sendinefndin lagði megináherslu á, á fundinum.

2. Verndun hafsins

Íslenska sendinefndin bar fram strax í upphafi verulega gagnrýni á þær tillögur sem fyrir fundinum lágu um verndun hafsins, einkum þann hluta sem fjallaði um mengun og mengunarvarnir. Mengun hafsins væri, mesta hættan sem nú steðjaði að lífríki hafsins og ógnaði sjálfbærri nýtingu þess í næstu framtíð. Engar alþjóðlegar reglur giltu í dag og um mengun frá starfsemi sem viðurkennt væri að ylli um 60 - 70% af þeirri mengun sem bærst í hafið, þ. e. a. s. fyrirtæki í landi. Tóku fjölmargar þjóðir, einkum fulltrúar þróunarríkja, á fundinum undir þessi sjónarmið.

Sendinefndin lagði fram tillögur í átta liðum um sértækar

aðgerðir til varnar gegn mengun sjávar. Þessar tillögur fjölluðu um losun þrávirkra lífrænna efna, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna, mengunarvarnir frá hernaðarumsvifum og skipum sem ekki falla undir gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar, þ. e. skip í eigu eða rekstri ríkisstjórna. Tillögurnar fengu mikla umfjöllun.

Mesta andstaðan við framangreindar tillögur Íslands kom frá fulltrúum Bandaríkjana, Bretlands og Frakklands og voru haldnir sérstakir fundir með fulltrúum þeirra ríkja til að leita samkomulags um afgreiðslu tillagnanna.

Nokkrar tillagnanna voru með tímasettum markmiðum, en því var almennt hafnað á fundinum að setja inn í framkvæmdaáætlunina tímasettar aðgerðir og því var ekki fallist á að þær tillögur Íslands sem samþykktar voru, væru bundnar við ákveðnar tímasetningar.

Niðurstaða umfjöllunar á fundinum um mengunarvarnir og tillögur Íslands varð sú að ákveðið er að boða til alþjóðlegs fundar við fyrstu hentugleika þar sem fjallað verður um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum. Ákveðið er að stórauka rannsóknir sem tengjast hugsanlegum áhrifum vegna hækkunar hitastigs á jörðinni á lífríki hafsins, efla og samræma störf alþjóðastofnana, og fjalla reglulega um mengunarvarnir hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Samþykkt var ákvæði þess efnis að ríki hættu allri losun þrávirkra lífrænna halogenefna (einkum klórsambönd), sem safnast fyrir í lífríki hafsins. Þar sem ekki var fallist á að tímasetja þetta bann var ákveðið að hefja könnun í hverju landi fyrir sig á því hvar þessi losun á sér stað, með það fyrir augum að taka sem fyrst ákvörðun um tímasetningu alþjóðlegs banns.

Ákveðið var að skora á Alþjóðasiglingamálastofnunina og Alþjóðakjarnorkumálastofnunina að ljúka gerð reglna um flutning á notuðu eldsneyti kjarnakljúfa með skipi og koma reglunum til framkvæmdar alþjóðlega. Alþjóðasiglingamálastofnuninni var einnig falið að endurskoða reglur um öryggi og umhverfisvernd á skipum sem nýta kjarnorku til framdriftar og stuðla að alþjóðlegri framkvæmd þeirra.

Tillögur Íslands sem fjölluðu um varp geislavirks úrgangs í hafið og förgun efna undir hafsbotn voru teknar upp í þeirri nefnd sem fjallaði um geislavirkan úrgang og var fallist á að hafa sérstakan kafla í framkvæmdaáætluninni um förgun og meðhöndlun geislavirks úrgangs, en á fyrri fundum hafði ekki náðst um það samstaða. Tillögurnar gengu út á það að hætt yrði allri losun geislavirks úrgangs í sjó og förgun þesskonar úrgangs undir hafsbotn nema hægt væri að sýna fram á að engin hætta væri á skaða gagnvart lífríki hafsins. Hvað varðar umfjöllun um

geislavirkan úrgang varð niðurstaðan sú að skora á aðildarríki Lundúnasamkomulagsins að hraða ákvarðanatöku um varp geislavirks úrgangs í hafið með það fyrir augum að breyta tímabundnu banni (moratorium) í bann á árinu 1993. Hvað varðar tillöguna um förgun geislavirks úrgangs undir sjávarbotn hafði tekist samstaða en á síðustu stundu tilkynntu Bandaríkjamenn að þeir gætu ekki fallist á textann þannig að tillagan fer ósamþykkt frá fundinum fyrir ráðstefnuna.

3. Nýting lifandi auðlinda hafsins.

Af Íslands hálfu var lögð áhersla á skynsamlega nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Öll nýting skal grundvölluð á vísindalegum rannsóknum með það að leiðarljósi að skapa grundvöll fyrir sjálfbærri þróun lífríkisins. Nýta skal lífverur hafsins til fæðuöflunar fyrir mannkyn, en þó ekki umfram það sem einstakir stofnar þola, þannig að einstökum tegundum sé aldrei stefnt í útrýmingarhættu.

Á fundinum náðist samstaða um ákvæði um samvinnu ríkja varðandi rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra. Á fyrri undirbúningsfundum hafði ríkt mikill ágreiningur um þessi mál. Í niðurstöðum fékkst viðurkenning á starfsemi stofnanna, svæðisbundinna og alþjóðlegra, sem vinna á þessum vettvangi. Sömuleiðis var það viðurkennt sem meginregla að nýta bæri sjávarspendýr á sama hátt og aðrar lífverur hafsins, en að þau ríki sem ekki vildu nýta þau væru frjáls að því að gera það ekki. Var í þessu efni tekið mið af viðeigandi ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Á fundinum studdu fulltrúar Íslands tillögur sem gengu út á það að koma í veg fyrir að úthafsveiðar, sér í lagi veiðar á flökkustofnum og fartegundum, hefðu neikvæð áhrif á þróun veiða innan efnahagslögsögu einstakra ríkja. Ekki náðist samstaða um þessar tillögur né um réttindi úthafsveiðipjóða til aðgangs að vannýttum eða ónýttum fiskistofnum innan efnahagslögsögu annarra ríkja. Þessum atriðum var því vísað til Ríó-fundarins til ákvörðunar. Búist er við því að óskað verði eftir sérstökum alþjóðlegum fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna til að fjalla um og setja reglur til lausnar á vandamálum varðandi veiðar á fiskstofnum sem ýmist halda sig innan eða utan marka efnahagslögsögunnar.

4. Verndun og viðhald líffræðilegs fjölbreytileika.

Af hálfu Íslands var áhersla lögð á viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar, og voru tillögur

Þess efnis bornar fram. Nokkur ágreiningur varð þá um tillögu Íslands um að ekki skyldi eingöngu rætt um friðun fartegunda, heldur einnig stjórn á þessum dýrastofnum. Tillagan var samþykkt með þeirri áréttingu að um sé að ræða ýmsar nytjategundir og meindýr, ekki síður en dýr í útrýmingarhættu.

5. Verndun andrúmsloftsins.

Íslenska sendinefndin lagði fram margar tillögur um breytingar á texta um verndun andrúmsloftsins og helstu tillögur voru af þrennum toga:

1. Orsök vandans. Ísland lagði fram tillögu um breytingu á skilgreiningu vandans sem miðaði að því að undirstrika að fólksfjölgun væri ein af meginrótum þess umhverfisvanda sem við væri að glíma. Við gerð tillögunnar var haft náið samráð við mannfjölgunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sem studdi þetta frumkvæði Íslands.

Tillagan var ekki samþykkt í skjali um verndun andrúmsloftsins, en minnst er á vandamál fólksfjölgunar í ýmsum öðrum samþykktum fundarins.

2. Orkumál. Tillögur Íslands um breytingar á texta um orkumál miðuðu að því að fá þjóðir heims til að draga úr notkun jarðefna (kol, olía, jarðgas) og kjarnorku við orkuframleiðslu, en auka þess í stað notkun á endurnýjanlegum og lítið mengandi orkugjöfum.

- a) Sendinefndin mótmælti að vatnsorka yrði flokkuð með orkugjöfum jarðefna og kjarnorku, og lagði fram breytingartillögu þess efnis. Tillagan mætti strax andstöðu þróunarríkjanna, en töluverð umræða varð um málið..

Þróunarríkin lögðu áherslu á að nota hugtakið "nýir og endurnýjanlegir orkugjafar" um þá orkugjafa sem þjóðir heims skyldu leggja áherslu á í framtíðinni. Ísland lagði til að rætt yrði um "jarðefnaeldsneyti" og "ómengandi orkugjafa" og "kjarnorku" þar sem það á við, og að nota hugtakið "örugga og endurnýjanlega orkugjafa" um orkugjafa framtíðar, með vísun til þess að kjarnorka telst ekki vera "öruggur" orkugjafi.

Niðurstaðan varð sú, að hugtökin "nýir og endurnýjanlegir orkugjafar" og "öruggir og endurnýjanlegir orkugjafar" eru notuð, og skv. kröfu Íslands er neðanmálgrein með textanum þar sem upp eru taldir allir orkugjafar sem falla undir hugtakið "nýir og endurnýjanlegir orkugjafar", þar á meðal vatnsorka.

- b) Tillaga Íslands, um að þjóðir heims ættu að leggja áherslu á að virkja mengunarlausu og endurnýjanlega orkugjafa, og að flytja slíka umhverfisvæna orku út frá löndum sem yfir

henni ráða til þeirra ríkja sem háð eru olíu og kolum við orkuframleiðslu, mætti einnig töluverðri andstöðu einkum frá þróunarríkjum.

Niðurstaða málsins varð sú að sérstök grein um þetta efni fór inn í lokatexta, þar sem áhersla er lögð á samræmingu orkumála svæðisbundið með þetta fyrir augum. Jafnframt var samsvarandi ákvæði bætt inn í margar aðrar greinar skjalsins um orkumál. Þessi tillaga var samþykkt. Í fréttatilkynningu framkvæmdanefndar ráðstefnunnar er þessi grein Íslands nefnd sem annað af tveimur meginatriðum kaflans um orkumál, sem sýnir mikilvægi málsins.

c) Ísland lagði til að í stefnumótun um orkunýtingu ætti að taka tillit til bæði umhverfis- og efnahagssjónarmiða.

3. Iðnaðarmál. Í samræmi við tillögur sendinefndarinnar í orkumálum setti Ísland fram tillögu um að þjóðir heims ættu að stuðla að því að orkufrekur iðnaður yrði fyrst og fremst byggður upp á svæðum sem byggju yfir mengunarlausum og endurnýjanlegum orkugjöfum, með það fyrir augum að draga úr mengun á heimsvísu.

Tillaga þessi mætti mikilli andstöðu þróunarríkjanna og Bandaríkjanna. Samkomulag náðist þó á síðasta degi eftir mikla umræður um breytt orðalag tillögunnar, sem bjó yfir þeirri hugsun sem upphaflega var fram sett.

6. Förgun og meðhöndlun eiturefna og úrgangsefna.

Íslenska sendinefndin lagði áherslur á nokkur atriði í umfjöllun um meðhöndlun eiturefna og úrgangs á fundinum. Lagt yrði bann við útflutningi eiturefna sem bönnuð væru í notkun í framleiðslulandinu eða væru á bannlista alþjóðasamninga. Einnig að sett yrði bann við útflutningi hættulegs úrgangs til ríkja sem ekki hefðu þekkingu og aðstöðu til að meðhöndla slíkan úrgang á viðunandi hátt gagnvart umhverfinu. Þá studdi Ísland tillögur um að sömu reglur giltu um meðferð og förgun hættulegs úrgangs frá hernaði og hernaðarumsvifum og annan úrgang gagnvart umhverfisvernd.

Um öll þessi atriði nema úrgang frá hernaðarumsvifum náðist ásættanleg niðurstaða á fundinum.

7. Umhverfisvernd og hernaðarumsvif.

Tillögur þær sem Ísland flutti varðandi aðgerðir til að tryggja umhverfisvernd á höfunum gagnvart hernaðarumsvifum og frá skipum í eigu eða rekstri ríkisstjórna mættu mikilli andstöðu og lýstu fulltrúar nokkurar ríkja því yfir í vinnunefndinni að þeir teldu ráðstefnuna ekki vettvang til umræðna um umhverfisvernd

varðandi hernaðarumsvif. Var ákveðið að vísa tillögum Íslands ásamt öðrum tillögum sem tengjast hernaðarumsvifum til almennrar umræðu í allsherjarnefnd. Búist er við því, að hægt verði að ná samstöðu á ráðstefnunni í Ríó de Janeiro um almenn tilmæli um að ríki láti sömu reglur gilda fyrir hernaðarumsvif gagnvart umhverfisvernd og gilda fyrir aðrar athafnir manna.

8. Hlutverk Sameinuðu þjóðanna og stofnana þess í umhverfis- og þróunarmálum.

Íslenska sendinefndin lagði áherslu á að efla samstarf og auka samræmingu stofnana Sameinuðu þjóðanna sem fara með umhverfis- og þróunarmál í stað þess að setja á laggirnar nýjar stofnanir.

Á undirbúningsfundinum náðist samstaða um eftirfarandi atriði varðandi stofnanir

Höfuðáhersla er lögð á, að á ríkisstjórnnum aðildarríkjanna hvílir ábyrgð á að fylgja ákvörðunum ráðstefnunnar eftir. Mikilvægt er að ýmis samtök áhugafólks í aðildarríkjunum og reyndar allur almenningur taki þátt í starfi því sem hver ríkisstjórn ákveður á þessu sviði.

Innan Sameinuðu þjóðanna verður að koma á fót viðunandi skipulagi, t.d. með stofnun sérstakrar nefndar og ráðningu starfsliðs til að annast framkvæmd mála á sviði ráðstefnunnar. Skiptar skoðanir eru þó enn um hvort ákjósanlegt sé að fela þetta starf nefnd er heyri undir allsherjarþingið beint, eða sérstakri undirnefnd efnahags- og félagsmálaráðsins. Margir aðrir valkostir hafa verið nefndir og ýmis ríki vilja vísa ákvörðun um þetta atriði til ráðstefnunnar eða 47. allsherjarþingsins á hausti komanda ef ekki næst samstaða um það á ráðstefnunni.

9. Gerð alþjóðasamninga um umhverfismál.

Ísland lagði fram tillögu á fundinum um að hafist skuli handa um undirbúning að gerð alþjóðasáttmála um réttindi og skyldur ríkja á sviði umhverfis og þróunarmála en í ræðu á allsherjarþingi S.þ. 1989 gerði utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson að sérstöku umtalsefni nauðsyn slíkrar alþjóðlegrar lagasetningar.

Tillagan sætti nokkurri andstöðu en samkomulag og full samstaða náðist um tillöguna. Verður Sameinuðu Þjóðunum falið að vinna að undirbúningi slíks alheimssáttmála um umhverfismál og sjálfbæra þróun

10. Ríó yfirlýsing

Unnið var að gerð grundvallarreglna sem gilda eiga fyrir allar þjóðir heims í umhverfismálum. Um er að ræða einskonar stjórnلög umhverfis jarðarinnar - stuttar og skýrar meginreglur um þau atriði sem mestu máli eru talin skipta varðandi framtíð mannlífs á jörðinni.

Ísland lagði sérstaka áherslu á að eftirfarandi meginreglur yrðu teknar upp í sáttmálann. Í fyrsta lagi rétt ríkja til þess að nýta náttúruauðlindir sínar í samræmi við stefnu sína í umhverfis- og þróunarmálum og ákvæði Sáttmála S.P.. Sú ábyrgð er jafnframt lögð ríkjum á herðar að tryggja það að athafnir þeirra valdi ekki skaða í umhverfi annarra ríkja eða á alþjóðlegum svæðum svo sem á úthafinu.

Nauðsynlegt sé að ríki setji lög um ábyrgð sína í umhverfismálum og greiðslu skaðabóta til þeirra sem tjón bíða vegna mengunar eða annars umhverfisvanda. Grundvallarreglan er hér sú að sá sem mengar verður að greiða fyrir það tjón sem af menguninni hlýst. Þar sem ljóst sé að mesta mengunin eigi sér í dag stað í iðnríkjum m.a. framleiðsla hættulegra úrgangsefna, sé eðlilegt að þau beri ábyrgð á að komið verði í veg fyrir slíka mengun og hættulegum úrgangsefnum fargað sem næst framleiðslustað.

Einnig að staðfest verði svonefnda varúðarregla, sem felur í sér að ekki skuli farið út í framkvæmdir sem gætu reynst hættulegar umhverfinu, jafnvel þótt það hafi ekki enn verið sannað með vísindalegum rökum á óbyggjandi hátt.

Á fundinum var samþykkt að vísa til Ríó ráðstefnunnar tillögu formanns undirbúningsfundarins og verður sá texti umræðugrundvöllur á ráðstefnunni. Verður hér getið nokkurra hinna helstu atriða tillögunnar.

Lögð er áhersla á rétt sérhvers manns til þess að lifa heilbrigðu lífi í hreinu og ómengduðu umhverfi. Jafnframt að hver og einn beri ábyrgð á að vernda umhverfið og skila því óspilltu í hendur komandi kynslóða.

Þá er lögð áhersla á rétt ríkja til þróunar í samræmi við skynsamlega nýtingu umhverfisins og jafnframt minnst á skyldu ríkja til þess að vinna að upprætingu fátæktar sem sé í raun forsenda sjálfbærrar þróunar.

Minnt er á að ein meginástæða fyrir því að ástandið í umhverfismálum jarðar fer versnandi séu ósjálfbærir framleiðslu- og neysluhættir nútíma þjóðfélags. Þessu þurfi að breyta í betra horf og eigi það ekki síst við um hin auðugri ríki heims þar sem umhverfismengun og ónauðsynleg eyðsla sé einna mest.

Í yfirlýsingunni er þáttur kvenna í þróun og umhverfismálum

sérstaklega undirstrikaður og nauðsyn fullrar aðildar þeirra eigi árangur að nást í þessum sviðum. Sérstaklega er minnst á málefni og hagsmuni frumbyggja í sáttmálanum og ríkjum gert skylt að hafa fulltrúa þeirra með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar um sjálfbæra þróun sem þá geta varðað.

Loks er minnst á atriði sem hér er ekki síst mikilvægt. Bent er á að þar sem ljóst sé að iðnríki beri meginábyrgð á þeim umhverfisspjöllum sem átt hafa sér stað á jörðinni beri þeim að leggja fram nýtt fjármagn og tækniþekkingu til hagsbóta fyrir þróunarlöndin.

Annex I

RIO DECLARATION ON ENVIRONMENT AND DEVELOPMENT

The United Nations Conference on Environment and Development,

Having met at Rio de Janeiro from 3 to 14 June 1992,

Reaffirming the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, adopted at Stockholm on 16 June 1972, a/ and seeking to build upon it,

With the goal of establishing a new and equitable global partnership through the creation of new levels of cooperation among States, key sectors of societies and people,

Working towards international agreements which respect the interests of all and protect the integrity of the global environmental and developmental system,

Recognizing the integral and interdependent nature of the Earth, our home,

Proclaims that:

Principle 1

Human beings are at the centre of concerns for sustainable development. They are entitled to a healthy and productive life in harmony with nature.

Principle 2

States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction.

Principle 3

The right to development must be fulfilled so as to equitably meet developmental and environmental needs of present and future generations.

a/ Report of the United Nations Conference on the Human Environment, Stockholm, 5-16 June 1972 (United Nations publication, Sales No. E.73.II.A.14 and corrigendum), chap. I.

Principle 4

In order to achieve sustainable development, environmental protection shall constitute an integral part of the development process and cannot be considered in isolation from it.

Principle 5

All States and all people shall cooperate in the essential task of eradicating poverty as an indispensable requirement for sustainable development, in order to decrease the disparities in standards of living and better meet the needs of the majority of the people of the world.

Principle 6

The special situation and needs of developing countries, particularly the least developed and those most environmentally vulnerable, shall be given special priority. International actions in the field of environment and development should also address the interests and needs of all countries.

Principle 7

States shall cooperate in a spirit of global partnership to conserve, protect and restore the health and integrity of the Earth's ecosystem. In view of the different contributions to global environmental degradation, States have common but differentiated responsibilities. The developed countries acknowledge the responsibility that they bear in the international pursuit of sustainable development in view of the pressures their societies place on the global environment and of the technologies and financial resources they command.

Principle 8

To achieve sustainable development and a higher quality of life for all people, States should reduce and eliminate unsustainable patterns of production and consumption and promote appropriate demographic policies.

Principle 9

States should cooperate to strengthen endogenous capacity-building for sustainable development by improving scientific understanding through exchanges of scientific and technological knowledge, and by enhancing the development, adaptation, diffusion and transfer of technologies, including new and innovative technologies.

Principle 10

Environmental issues are best handled with the participation of all concerned citizens, at the relevant level. At the national level, each individual shall have appropriate access to information concerning the environment that is held by public authorities, including information on hazardous materials and activities in their communities, and the opportunity to participate in decision-making processes. States shall facilitate and encourage public awareness and participation by making information widely available. Effective access to judicial and administrative proceedings, including redress and remedy, shall be provided.

Principle 11

States shall enact effective environmental legislation. Environmental standards, management objectives and priorities should reflect the environmental and developmental context to which they apply. Standards applied by some countries may be inappropriate and of unwarranted economic and social cost to other countries, in particular developing countries.

Principle 12

States should cooperate to promote a supportive and open international economic system that would lead to economic growth and sustainable development in all countries, to better address the problems of environmental degradation. Trade policy measures for environmental purposes should not constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on international trade. Unilateral actions to deal with environmental challenges outside the jurisdiction of the importing country should be avoided. Environmental measures addressing transboundary or global environmental problems should, as far as possible, be based on an international consensus.

Principle 13

States shall develop national law regarding liability and compensation for the victims of pollution and other environmental damage. States shall also cooperate in an expeditious and more determined manner to develop further international law regarding liability and compensation for adverse effects of environmental damage caused by activities within their jurisdiction or control to areas beyond their jurisdiction.

Principle 14

States should effectively cooperate to discourage or prevent the relocation and transfer to other States of any activities and substances that cause severe environmental degradation or are found to be harmful to human health.

Principle 15

In order to protect the environment, the precautionary approach shall be widely applied by States according to their capabilities. Where there are threats of serious or irreversible damage, lack of full scientific certainty shall not be used as a reason for postponing cost-effective measures to prevent environmental degradation.

Principle 16

National authorities should endeavour to promote the internalization of environmental costs and the use of economic instruments, taking into account the approach that the polluter should, in principle, bear the cost of pollution, with due regard to the public interest and without distorting international trade and investment.

Principle 17

Environmental impact assessment, as a national instrument, shall be undertaken for proposed activities that are likely to have a significant adverse impact on the environment and are subject to a decision of a competent national authority.

Principle 18

States shall immediately notify other States of any natural disasters or other emergencies that are likely to produce sudden harmful effects on the environment of those States. Every effort shall be made by the international community to help States so afflicted.

Principle 19

States shall provide prior and timely notification and relevant information to potentially affected States on activities that may have a significant adverse transboundary environmental effect and shall consult with those States at an early stage and in good faith.

Principle 20

Women have a vital role in environmental management and development. Their full participation is therefore essential to achieve sustainable development.

Principle 21

The creativity, ideals and courage of the youth of the world should be mobilized to forge a global partnership in order to achieve sustainable development and ensure a better future for all.

Principle 22

Indigenous people and their communities and other local communities have a vital role in environmental management and development because of their knowledge and traditional practices. States should recognize and duly support their identity, culture and interests and enable their effective participation in the achievement of sustainable development.

Principle 23

The environment and natural resources of people under oppression, domination and occupation shall be protected.

Principle 24

Warfare is inherently destructive of sustainable development. States shall therefore respect international law providing protection for the environment in times of armed conflict and cooperate in its further development, as necessary.

Principle 25

Peace, development and environmental protection are interdependent and indivisible.

Principle 26

States shall resolve all their environmental disputes peacefully and by appropriate means in accordance with the Charter of the United Nations.

Principle 27

States and people shall cooperate in good faith and in a spirit of partnership in the fulfilment of the principles embodied in this Declaration and in the further development of international law in the field of sustainable development.

HEIMSRÁÐSTEFNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

UM UMHVERFI OG ÞRÓUN

Rio de Janeiro

3. - 14. júní 1992

Ólíkir kostir en valda báðir gróðurhúsaáhrifum
BRETAR LEGGJA ÁHERSLU Á UMHVERFISMÁL
Endurnýting í stað sóunar
LOSUN NITRATTEFNA TAKMÖRKUÐ
Lifrin lýsir hafinu
ASTAND SKOGA Í EVRÓPU VERN
OLL RÆKTUN HEFST Í HUGARFARI
Orkusamningur Eyrópu og mengunarskattar
Smog masks
RIO
A series of simultaneous events that provides an opportunity for all sectors to express their views
Iceland takes initiative on marine conservation
Earth Summit
A modern economy can be compatible with nature
Úttekt OECD á stöðu umhverfismála á Íslandi
RESTARÁMUR TIL VERNINGA
Smog masks
The British Lung Foundation has warned that London could be so polluted as Athens and Los Angeles within 15 years. Epsilon, messengers, wear lungs with a mask, particularly if they're from Athens, by the way.
Rest of world
The Government has announced an average of...

1. Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 1992 - hvers vegna?

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 22. desember 1989, að halda alþjóðlega ráðstefnu um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro í Brasilíu í júnímánuði 1992. Gert er ráð fyrir þátttöku allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, 166 að tölu.

Um þessar mundir eru 20 ár liðin frá hliðstæðri, en þó umfangsminni ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi.

Líklegt er að Rio-ráðstefnan verði stærsta og fjölmennasta ráðstefna sem haldin hefur verið á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ólíklegt verður að telja, að viðlíka mikil og víðtæk samstæða þjóða náist á næstu árum um heimsráðstefnu af þessu tagi.

Ríkisstjórnin fól umhverfisráðuneytinu á miðju ári 1990 að sjá um undirbúning að þátttöku Íslands í Heimsráðstefnunni. Starfið hefur verið unnið í nánun samráði við utanríkisráðuneytið og önnur ráðuneyti og stofnanir sem hlut eiga að máli.

Sjónum verður sérstaklega beint að tengslum umhverfis og þróunar. Leitast verður við að sameina þjóðirnar um sérstaka framkvæmdaáætlun, en í krafti hennar er ætlunin að vinna gegn frekari umhverfisspjöllum og hvetja til sjálfbærrar þróunar. Með því að draga athygli heimsins að umhverfis- og þróunarmálum á Heimsráðstefnunni í Rio de Janeiro er þess vænst, að löggjafarsamkundur

Hvað er sjálfbær þróun?

Með sjálfbærri þróun er átt við að frumbörfum allra sé fullnægt og að öllum sé gefinn kostur á að láta drauminn um betra lífrætast. En þá verður fólk einnig að sætta sig við neyslu sem er innan marka þess sem vistkerfi jarðar leyfir og allir geta keppt að.

Sjálfbær þróun er ferli breytinga, þar sem nýting auðlinda, stjórnun fjárfestinga, stefna tækniþróunar og stjórnsýslu stuðlar að því að auðveldara verði að koma til móts við þarfir mannkyns nú og framvegis.

(Byggt á „Sjálfbærri þróun“, í ritröð Umhverfisráðuneytis 1991)

og þjóðarleiðtogar taki auknið tillit til umhverfismála við ákvarðanatöku og efnahagsstjórn.

Hugmyndir um að stuðla að þróun, sem væri í senn sjálfbær og framsækin, voru fyrst settar fram á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál í Stokkhólmi 1972. Fram til ársins 1987, þegar Alþjóða umhverfis- og þróunarráð Sameinuðu þjóðanna birti skýrsluna um „Sameiginlega framtíð okkar“, var lítið aðhafst til þess að samþætta þróun og umhverfismál.

„Sameiginleg framtíð okkar“, betur þekkt sem Brundtland-skýrslan, vakti umræðu um gildi þess að láta verkin tala og hrinda í framkvæmd hugmyndum um sjálfbæra þróun. Í skýrslunni var meðal annars talið nauðsynlegt að hvetja til alþjóðlegra og svæðisbundinna funda, þar sem fjallað yrði um tengsl umhverfis- og efnahagsþróunar.

2. Hver eru viðfangsefnin? - Hvers er að vænta?

Sjálfbær þróun er lykilhugtak Heimsráðstefnunnar, en það byggist á hugmyndafræði sem sett er fram í skýrslu Brundtlandsnefndarinnar um framtíðarlausn á umhverfisvandamálum jarðar. Í ályktun SP, um að gangast fyrir allsherjarráðstefnu voru talin uppþausvið umhverfismála sem fjallað skyldi um:

1. Verndun andrúmsloftsins, eyðing ózonlagsins og loftmengun sem berst milli landa
2. Verndun ferskvatns
3. Verndun hafsins og nýting lifandi auðlinda
4. Verndun auðlinda á landi, þ. m. t. varnir gegn eyðingu skóga, myndun eyðimarka og landrofi
5. Verndun og viðhald fjölbreytileika lífs á jörðu
6. Þróun og notkun líftækni
7. Meðferð og förgun úrgangs, einkum hættulegs úrgangs og eiturefna
8. Bætt lífs- og atvinnuskilyrði í fátækrahverfum stórborga með því að vinna gegn fátækt
9. Heilsuvernd og aukin lífsgæði

Þess er vænst, að í Rio de Janeiro verði samþykktar fjölmargar ályktanir og mikilvægir samningar sem vísa veginn til lífvænlegrar þróunar og sjálfbærra búskaparháttanna þjóða. Mikilvægastir þeirra eru:

- Rio-yfirlýsingin, sem kveður á um skyldur og réttindi þjóða gagnvart umhverfinu.

- Dagskrá 21 (Agenda 21), framkvæmdaáætlun, sem tekur til allra þátta umhverfis- og þróunarmála.

Rio-yfirlýsingunni og Dagskrá 21 er ætlað að vera stefnumarkandi fyrir þau ríki sem hana samþykkja. Framkvæmdaáætluninni (Dagskrá 21) er ætlað að vísa mannkyninu veginn í umhverfismálum inn í tuttugustu og fyrstu öldina, einkum að því er varðar löggjöf og framkvæmdir.

Vonir standa til að samstaða náist um tillögur sem fela í sér aukna tækni- og fjárhagsaðstoð við þróunarríkin, en það er talin forsenda þess að lönd Þriðja heimsins geti tekið upp sjálfbæra þróun.

Jafnframt er þess vænst að undirritaðir verði tveir nýir alþjóðasáttmálar um: a) verndun andrúmsloftsins og b) verndun og viðhald fjölbreytileika lífs á jörðu. Náist samstaða um þessa tvo sáttmála verða þeir lagalega skuldbindandi fyrir aðildarþjóðir SP.

„Helsta ógn mannkyns er ekki lengur allsherjarstýrjöld. - Ógn nútímans er fölgin í umhverfisspjöllum.“

(Maurice Strong, framkvæmdastjóri Heimsráðstefnunnar um umhverfi og þróun.)

3. Hvað er í húfi fyrir Ísland?

Vart þarf að taka fram, að niðurstaða Rio-ráðstefnunnar og framtíðarskipan umhverfismála á alþjóðavettvangi mun skipta Ísland miklu máli. Vernd náttúruauðlinda, skynsamleg nýting þeirra og hreint umhverfi skiptir þjóð, sem byggir afkomu sína að verulegu leyti á matvælaframleiðslu og nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda, miklu máli í brád og lengd.

Af þessum sökum telja íslensk stjórnvöld mikilvægt að niðurstaða Heimsráðstefnunnar fullnægi brýnum umhverfis- og efnahags-hagsmunum Íslands á eftirtöldum sviðum:

• **Verndun hafsins:** Mengun virðir engin landamæri. Hagsæld og búseta hér á landi er að verulegu leyti háð því að það takist að koma í veg fyrir mengun hafsins. Mesta ógnin sem steðjar að lífríki þess er vaxandi mengun frá aðliggjandi löndum.

Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á að settar verði raunhæfar alþjóðlegar reglur um verndun hafsins gegn mengun frá landi. Þar er sérstaklega átt við bann við losun eitrefna, þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og geislavirkra efna, og bann við að koma slíkum efnum fyrir undir sjávarbotni.

Leggja ber ríka áherslu á, að settar verði strangar reglur og eftirlit verði hert með flutningi á geislavirkum efnum og öðrum spilliefnum á hafi. Sama gildir um ferðir kjarnorkuknúinna skipa og kaþbáta.

• **Lifandi auðlindir hafsins:** Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á, að öll nýting lifandi auðlinda hafsins skuli grundvölluð á vísindalegum rannsóknum. Þannig má skapa forsendur fyrir sjálfbærri þróun lífríkisins. Nýta ber lífverur hafsins til fæðuöflunar fyrir mannkyn, þó ekki umfram það sem einstakir stofnar þola.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á samvinnu ríkja varðandi rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra.

• **Orkuframleiðsla - endurnýjanleg orka:** Miklir möguleikar bíða Íslendinga í aukinni orkuframleiðslu hér á landi. Það er hagsmunamál Íslands, bæði frá umhverfislegu og efnahagslegu sjónarmiði, að þjóðir heims dragi úr notkun jarðefna (kóla, olíu, jarðgass) og kjarnorku við orkuframleiðslu, en nýti þess í stað endurnýjanlegra og lítið mengandi orkugjafa á borð við jarðhita og orku fallvatna. Með því að sjá orkufrekum iðnaði fyrir mengunarlausri og endurnýjanlegri orku er unnt að draga úr notkun jarðefna til orkuframleiðslu og hamla með þeim hætti gegn mengun andrúmsloftsins.

4. Í hverju felst undirbúningur?

Undirbúningur að Heimsráðstefnunni í Rio felst einkum í gerð þeirra tillagna sem þar verða lagðar fyrir. Unnið er að gerð þeirra í tvennu lagi:

1. Á vegum framkvæmdastjórnar ráðstefnunnar hefur starfað nefnd embættismanna aðildarríkja sem vinnur að því að semja yfirlýsingu Rio-ráðstefnunnar og Dagskrá 21.

2. Sáttmálar um verndun andrúmsloftsins, varðveislu fjölbreytileika lífs á jörðu og verndun landgæða og skóga, eru unnir af nefndum sérfræðinga undir leiðsögn Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

Áhersla er lögð á að ná samkomulagi allra þjóða án atkvæðagreiðslu um einstök atriði þessara sáttmála og samninga. Þetta gerir að verkum, að samningaviðræður eru erfiðar og tímafrekar.

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í undirbúning Heimsráðstefnunnar í Rio hér á landi. Það þarf tæpast að fara um það mörgum orðum, að niðurstaða og árangur þessarar ráðstefnu mun skipta Ísland miklu máli. Fáar þjóðir heims búa í eins nánu sambýli við náttúruna og Íslendingar. Þátttaka í ráðstefnu sem þessari er því í senn nauðsynleg og óhjákvæmileg. Augljóst er að fulltrúar Íslands geta ekki sinnt eða tekið þátt í undirbúningi og umfjöllun með sama hætti og milljónaþjóðirnar. Til þess skortir bæði fólk og fé. Því er nauðsynlegt að rada verkefnum í forgangsröð og velja og hafna að vandlega yfirveguðu ráði.

Á embættismannafundum sem haldnir hafa verið í nafni Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio, hafa íslensku fulltrúarnir lagt mesta áherslu á þá þætti sem hafa mesta þýðingu fyrir þjóðina.

Af fjárhagsástæðum hefur Ísland ekki átt fulltrúa í sérfræðinganefndum Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þó hafa íslensk stjórnvöld fylgst með störfum þessara nefnda svo sem kostur er.

Ísland mun, líkt og aðrar þjóðir, leggja fram viðamikla skýrslu á Heimsráðstefnunni um þróun umhverfismála undanfarin 20 ár. Í fyrsta hluta hennar er fjallað um efnahags- og þjóðfélagsþróun hér á landi með tilliti til auðlindabúskapar og umhverfisspjalla. Í öðrum hluta skýrslunnar er lýst ástandi íslenskrar náttúru og byggist hann á niðurstöðum rannsókna á lofti, landi, sjó, ástandi dýralífs, gróðurs og jarðvegs. Þriðji hluti skýrslunnar fjallar um skipulag, löggjöf og framkvæmd umhverfismála hér á landi og þátttöku í alþjóðlegu starfi á sviði umhverfisverndar.

Ráðgert er að gefa skýrsluna út samtímis á íslensku og ensku í maí næstkomandi.

5. Hvað er að sækja til Rio de Janeiro?

Þótt talsverður árangur hafi náðst á undirbúningsfundum fyrir Ríó-ráðstefnuna fer fjarri, að samstada ríki um mikilvægar tillögur og samþykktir sem snerta alla heimsbyggðina. Þetta á einnig við um tillögur og samþykktir sem varða hagsmuni Íslendinga sérstaklega, svo sem um auðlindir hafsins og verndun andrúmsloftsins.

Eðli málsins samkvæmt geta allar þjóðir haft áhrif á niðurstöðu ráðstefnunnar vegna þess, að við undirbúning hennar er leitast við að ná afdráttarlausri samstöðu þjóða um tillögur, sáttmála og samþykktir. Þetta gefur hverri þjóð ákveðið stöðvunarvald, en það verkar á undirbúning og aðdraganda ráðstefnunnar í Rio.



IN OUR HANDS
EARTH SUMMIT '92